

Bstj. 1. febrúar 2011

Borgarstjórn Reykjavíkur 1. febrúar 2011

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 1. febrúar og fyrst á dagskrá þessa fundar er umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks. Fyrst tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Fyrir einu og hálfu ári, þann 15. september 2009, var haldinn hitafundur hér í þessum sal. Tilefnið var sala á hlut Orkuveitunnar í HS Orku. Pallarnir voru fullir af fólki sem var reitt og áhyggjufullt. Fólki sem vildi ekki að orkufyrirtæki landsins væru einkavædd. Fólki sem gerði kröfu um að auðlindir, virkjanir og orkufyrirtæki væru í eigu þjóðarinnar. Salan gekk í gegn. Fyrirtækið var selt erlendu skúffufyrirtæki fyrir kúlulán til 7 ára og eftir sat almenningur með gróflega ofmetið skuldabréf upp á vasann. Niðurlægingin var algjör.

En fólkið gafst ekki upp. Frá fundinum örlagaríka hafa fimmtíu þúsund Íslendingar skorað á stjórnvöld að koma í veg fyrir að salan gangi í gegn og jafnframt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um eignarhald á auðlindum og nýtingu þeirra. Orkuauðlindaátakið hefur hlotið verðskuldaða athygli enda hefur áhrifamikið fólk úr ýmsum áttum lagt sitt af mörkum. Borgarfulltrúar hafa ekki látið sitt eftir liggja. Besti flokkurinn fjölmennti og borgarstjóri var forsöngvari. Í eitt og hálf ár hefur ríkisstjórnin leitað leiða til að koma fyrirtækinu aftur í eigu almennings. Það er ekki einfalt verk en vonandi vinnst það á endanum.

Eignarhald og nýting á orkuauðlindum er stórmál. Þessar auðlindir gera okkur kleift að lifa því lífi sem við höfum kosið hér á norðurhjara; í upphituðum húsum með vatni, rafmagni og inniklósettum. Það eru lífsgæði sem okkur kann að finnast sjálfsögð en þau eru það alls ekki. Þetta eru lífsgæði sem stór hluti mannkyns myndi ekki láta sér detta í hug að dreyma um. Þessar auðlindir gera okkur líka kleift að stunda hér fjölbreytta atvinnustarfsemi, framleiðslu og iðnað sem getur verið gott, bæði fyrir fjárhag og framtíð lands og þjóðar ef vel er að verki staðið. Það er því ekkert skrítið að almenningur hafi skoðanir og láti þær í ljós. Við búum yfir auðlindum sem eru stórkostlegar og fágætar og við verðum að umgangast þær af stökustu varúð. Við þurfum að nýta þær skynsamlega og í þágu skynsamlegra verkefna. Brask eða óðagot verður ekki liðið.

Bstj. 1. febrúar 2011

Forseti. Það er ekkert nýtt í því sem ég er að segja hérna. Við vitum öll hversu dýrmætar þessar auðlindir eru og hversu mikilvæg Orkuveita Reykjavíkur er. Það er þess vegna sem kjörnir fulltrúar hafa tekist á um Orkuveituna, af því að fram til þessa hefur borgarstjórn verið samsett af flokkum sem hafa skoðanir á því hvaða leið sé best að fara. Átökin hafa verið tíð og þau hafa verið hörð. Þau hafa snúist um orkunýtingu, fjárfestingar og eignarhald. Mörgum hefur þótt nóg um og jafnvel talið ágreininginn skaða fyrirtækið, en flestir hafa þó verið sammála um að lýðræðið verði að hafa sinn gang. Ef borgarþingur kjósa ósamstíga flokka, þá verða flokkarnir að fá að takast á um þau málefni sem þarf hverju sinni. Mikilvægast er að hagsmunir almennings í nútíð og framtíð séu ávallt og ævinlega í forgrunni. Engir aðrir hagsmunir mega vega þyngra og þess vegna getur eignarhald og ákvarðanatöku aldrei verið á valdi annarra en almennings.

Reyndar hefur náðst ágætis sátt um þetta hér á vettvangi borgarstjórnar. Sátt sem hefur ríkt í þrjú ár, sátt sem náðist eftir erfiðasta tímabil í sögu Orkuveitunnar eftir að hluta fyrirtækisins var bjargað úr klóm útrásarvíkinga. Sátt um að Orkuveita Reykjavíkur verði í eigu almennings. Mikilvæg sátt sem allir flokkar hafa virt fram til þessa. Með þá sátt í handraðanum og ítrekaðar yfirlýsingar fulltrúa meirihlutans í stjórn Orkuveitunnar um mikilvægi þess að ákvarðanir verði að taka í sátt og samlyndi og gera ekki fyrirtækið að pólitísku bitbeini umfram það sem nauðsyn krefur verð ég að viðurkenna að fyrirsögnin „þarf nýtt rekstrarform“ með flennistórri mynd af brosandí stjórnarformanni Orkuveitu Reykjavíkur kom mér verulega á óvart. Og ekki var viðtalið sjálft til að sefa hugann. Stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir Samfylkinguna og er nú orðinn Bestaflokksmaður segir hlutverk Orkuveitunnar fela í sér mótsögn.

Hann segir að annars vegar sé um að ræða framkvæmd lögboðinnar þjónustu sem sé háð pólitískum ákvörðunum en jafnframt standi fyrirtækið í samkeppnisrekstri sem eigi aðeins að lúta markaðslögmálum. Aðeins markaðslögmálum. Hann segist, sem rekstrarmaður, ekki sjá hvaða yfirburði orkufyrirtæki í opinberri eigu hafi framyfir sambærileg fyrirtæki í einkarekstri og bætir við, með leyfi forseta:

Bstj. 1. febrúar 2011

Ég held að í þeirri umræðu beri að forðast allar kreddur, til að mynda fæ ég ekki séð frá þeim stað sem ég er á núna að opinbert eignarhald hafi verið einhver töfralausn sem komi í veg fyrir allan vanda. Vel má vera, ef hlutirnir eru framkvæmdir á réttum forsendum, að einkaeignarhald gagnist neytendum betur. Það kann að vera að hagsmunum skattborgara sé betur borgið til langs tíma séu orkufyrirtæki í einkaeigu.

Tilvitnun lýkur. Veit maðurinn ekki hvaða dagur er í dag? Veit hann ekki hverju kreddulausar umræður um einkavæðingu hafa skilað þessu samfélagi? Fulltrúar nýja aflsins sem ætlaði sko aldeilis að hreinsa til í spillta einkavinakerfinu talar eins og hann sé fulltrúi í einkavæðingarnefnd Sjálfstæðisflokksins árið 2001. Hann tekur sér skilgreiningarvald yfir afstöðu fólks sem sumar teljast kreddur en aðrar ekki. Svo skýr einkavæðingarstefna hefur ekki verið orðuð frá því löngu fyrir hrun og frá því löngu fyrir REI-mál. Ekki einu sinni villtasta hægri myndi láta svona nokkuð út úr sér, eins og sést svo sem ágætlega á viðbrögðum í fjölmiðlum í kjölfar viðtalsins, þar sem einu undirtektirnar við stefnu formannsins komu frá nafnlausu fuglahvísli á AMX. Ekki einu sinni blaðamenn AMX þorðu að viðurkenna þessa stefnu sína undir nafni.

Og að tala svo um kreddur í þessu samhengi er til þess að kóróna málflutninginn. Rétt eins og það sé eðlilegt eftir það sem á undan er gengið í íslensku samfélagi að taka enn einn snúninginn á einkavæðingu grunnstoða samfélagsins. Má ég þá búast við að vera sögð vera á móti rafmagni næst? Að ég borði bara fjallagrös? Þetta er ómálefnalegt í hæsta máta og væri nú nær að Besti flokkurinn tæki bara á honum stóra sínum og stæði einu sinni til tilbreytingar við þá stefnu sem honum hefur þó tekist að móta sér. Það hvarflar ekki að mér að fara að halda því fram að opinbert eignarhald sé einhver töfralausn. Það er engin töfralausn til. Ég ætla þó að leyfa mér að fullyrða að staða Orkuveitu Reykjavíkur væri ekki betri ef áætlanir hefðu gengið í gegn á sínum tíma um að færa REI, vörumerki Orkuveitunnar, þekkingu og mannaúð í hendur Hannesar Smárasonar og Bjarna Ármannssonar. Þá væri staða fyrirtækisins önnur og verri.

En krafan um opinbert eignarhald snýst þó ekki einvörðungu um rekstur. Hún snýst um forræði og ákvarðanatöku. Hún snýst um hagsmuni almennings. Hún snýst um að koma í veg fyrir að markaðslögmálin, sem stjórnarformaðurinn er svo hrifinn af, ráði ferðinni, að fleiri atriði en gróði skipti máli. Krafan um opinbert

Bstj. 1. febrúar 2011

eignarhald snýst fyrst og fremst um að standa vörð um sjálfsagða grunnþjónustu til núlifandi og komandi kynslóða og hún snýst um að skammsýn markaðssjónarmið og skjótfenginn gróði fátta megi ekki verða því yfirsterkari.

Krafan um opinbert eignarhald snýst um forræði. Hún snýst um að fólkið í landinu fái tækifæri til að kjósa sér fólk til að stjórna auðlindum okkar, rétt eins og skatttekjunum og öðrum verðmætum. Hún snýst um lýðræði. Reyndar er fólk farið að ganga lengra í dag, nú vill þjóðin fá að kjósa beint. Það er skiljanleg og eðlileg krafa og ég vonast til þess að ríkið mæti þeirri kröfu. Á sama tíma hjúfrar Besti flokkurinn um sig í pilsfaldi Samfylkingarinnar og skipar svokallað ópólítískt fagfólk í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fagfólk sem kallar sig rekstrarmenn og skilur ekki pólitíkina í samkeppnishluta fyrirtækisins. Þessa ákvörðun hafa borgarfulltrúar meirihlutans reyndar aldrei skýrt með tilliti til almannahagsmuna, ekki frekar en ástæðuna fyrir því að þessi stefna eigi að eiga við um Orkuveitu Reykjavíkur en ekki Faxaflóahafnir eða Sorpu eða Strætó.

Við hin höfum talið Orkuveituna lúta nákvæmlega sömu lögum og aðra grunnþjónustu og við höfum boðið fram fólk sem við teljum hæft til setu í stjórn hennar, rétt eins og setu í borgarráði, velferðarráði eða skipulagsráði. Enda teljum við brýnt að pólitíkin sé virt, að skoðanir borgarbúa séu virtar og að við öxlum ábyrgð sem kjörnir fulltrúar á þeim verkefnum sem borgarbúar hafa falið okkur. Ópólítísk rekstrarstjórn er ekki til. Að reka Orkuveitu Reykjavíkur er pólitík og undan þeirri pólitík verður ekki vikist. Stjórnarformaðurinn hefur nú opinberað sína pólitík, pólitík markaðslögmála.

Að lokum ætla ég að fara aðeins yfir viðbrögð borgarstjóra og formanns borgarráðs, sem er því miður ekki hér í dag, við ummælum stjórnarformannsins sem vöktu reyndar upp fleiri spurningar en þau svöruðu enda er margt sem bendir til þess að skoðanir stjórnarformannsins samræmist skoðunum þeirra fyrrnefndu meira en æskilegt þykir. Báðir fullyrtu þeir, borgarstjóri og formaður borgarráðs, að Orkuveitan verði ekki einkavædd í tíð núverandi meirihluta. Það er ágætt út af fyrir sig. Þegar þeir aftur á móti voru spurðir um það hvort til greina kæmi að ganga til samninga við einkaaðila um framkvæmdir, virkjanir og orkunýtingu í Hverahlíð voru svörin alls ekki eins afgerandi. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson

Bstj. 1. febrúar 2011

sagðist þá ekki geta útilokað verkefnafjármögnun og borgarstjóri sagði að það væri eðlilegt að skoða aðkomu einkaaðila svo lengi sem hún væri samkvæmt einhverri forskrift.

Svör borgarfulltrúa Dags B Eggertssonar koma svo sem ekki á óvart. Hann hefur verið spenntur fyrir verkefnafjármögnun um langt skeið og hefur ítrekað látið bóka þá skoðun sína í fundargerðir. Borgarstjóri kemur aftur á móti meira á óvart, þó kannski ættu síbreytilegar skoðanir hans að vera farnar að venjast. Aftur virðist pilsfaldur kratanna freista, svo lengi sem einhver óskilgreind og óútskýrð forskrift liggja til grundvallar. Var það út af forskriftinni sem borgarstjóri var forsöngvari í Norræna húsinu um daginn? Eða var það til þess að vernda orkufyrirtæki, orkuauðlindir og virkjanir og hagsmuni almennings? Reyndar verð ég að segja að þegar bókun borgarstjóra frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur síðasta sumar er lesin með tilliti til nýliðinna atburða, þá vakna upp spurningar um raunverulegan vilja meirihlutans í Reykjavík til þess að halda fyrirtækinu áfram í eigu almennings. Í bókuninni segir meðal annars, með leyfi forseta:

Sammæli eru um að þessu markmiði sé best náð með því að OR sé áfram í eigu almennings. [Gott og vel.] Hlutverk OR er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi OR.

Tilvitnun lýkur. Hvað felst eiginlega í þessari bókun? Hvað er verið að segja? Getur verið að þarna hafi meirihlutinn þegar verið farinn að undirbúa mögulegan einkarekstur á því sem ekki tengist orku, vatni, frárennsli og gagnaveitu í þágu íbúanna? Eru uppi einhver áform af hálfu núverandi meirihluta um að verkefnafjármagna eða einkafjármagna eða úthýsa eða útvista eða einkareka eða einkavæða rafmagnsframleiðslu og sölu til stórnotenda? Notið þau orð sem ykkur sýnist. Ef það kemur til greina, hvað hyggst meirihlutinn þá fyrir? Kemur til greina að selja eða ganga til samninga vegna Hverahlíðar? Hvað með Hellisheiðarvirkjun, mætti skoða einhvers konar samningagerð við einkaaðila hvað hana varðar? Ég óska eftir að borgarstjóri svari mér með skýrum hætti hér í dag hvað þetta varðar.

Bstj. 1. febrúar 2011

Ef ég er að misskilja, mistúlka eða fara með rangt mál, sem ég vona, og ef það er einlægur vilji meirihlutans að standa raunverulegan vörð um Orkuveituna í núverandi mynd og að hún verði áfram í eigu almennings, þá verð ég að spyrja hvort það ríki fullkomið traust til stjórnarformannsins sem lýsir svo ósamrýmanlegum áherslum á opinberum vettvangi. Í stjórn Orkuveitunnar eru teknar margar mikilsverðar ákvarðanir sem þarf að ígrunda vel og það með almannahagsmuni að leiðarljósi. Telur meirihlutinn í alvörunni enga hættu á því að markaðslögmálin verði ofaná í einhverjum tilfellum? Þessu vil ég líka að sé svarað.

Forseti. Að lokum vil ég segja þetta. Haustið 2007 hóf Frjálslyndi flokkurinn mikla og opinskáa umræðu um innflytjendur á Íslandi. Þingmenn flokksins töldu eðlilegt að öll þau vandamál sem fylgdu auknum flutningum erlendra ríkisborgara hingað til lands væru rædd og það skoðað með opnum hug hvort ekki mætti takmarka þessa flutninga. Um þetta voru ekki allir sammála, síður en svo. Ég kannast þó ekki við að þeir þingmenn sem töldu umræðuna ekki eiga rétt á sér hafi talist sérlega kreddufullir.

Ég vil ítreka þá skoðun mína, sem sumir hafa leyft sér að kalla kreddur, að umræða um einkavæðingu á Orkuveitu Reykjavíkur sé tímasekkja. Vald er vandmeðfarið og valdið snýst ekki aðeins um framkvæmdir og formlega ákvarðanatöku, heldur snýst valdið líka um það hvaða mál eru sett á dagskrá og með hvaða hætti þau eru rædd. Sú umræða sem hefur átt sér stað undanfarna daga er ekki til þess fallin að auka veg og vanda Orkuveitu Reykjavíkur. Hún er í andstöðu við vilja þorra landsmanna og í henni felst vilji til að takmarka forræði og ákvörðunarrétt almennings þegar kemur að auðlindum lands og þjóðar, meðferð þeirra og nýtingu.

Ég hvet borgarfulltrúa meirihlutans til að ígrunda þessi mál alvarlega, til að standa af alvöru með almenningi í landinu. Ekki bara sem valdalaust hugsjónafólk í karóki gegn ríkisvaldinu heldur líka, og fyrst og fremst, sem valdhafar í höfuðborg Íslands.

Bstj. 1. febrúar 2011

Forseti: Þá hefur Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi lokið máli sínu. Ég vil bjóða gesti velkomna á fund Borgarstjórnar Reykjavíkur sem nú er haldinn, við fylgjum dagskrá þrátt fyrir marga og góða gesti. Fyrst á dagskrá er umræða um Orkuveitu Reykjavíkur en mál númer tvö á dagskrá er umræða um málefni tónlistarskóla. Við getum aldrei vitað fyrirfram hversu löng umræðan verður hverju sinni þannig að ég bið bara fólk um að hlusta vel á umræðuna um Orkuveitu Reykjavíkur áður en málefni tónlistarskólanna verða tekin fyrir. En næst tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Já, hér eru til umræðu málefni Orkuveitu Reykjavíkur og síðar verða tekin til umræðu eins og forseti sagði málefni tónlistarskólanna sem ég held nú að flestir séu hingað komnir til þess að hlýða á og velkomin á pallana til þess. Við ræðum hér þessi málefni Orkuveitunnar ekki í fyrsta skipti og örugglega ekki í síðasta skipti, ég veit ekki hversu mörgum sinnum við höfum rætt verkefni Orkuveitu Reykjavíkur, oft af miklum meiri mun hita heldur en við gerum í dag en ítrekað hefur það þó verið þannig að mikil pólitík hefur umlukið þetta fyrirtæki og mikil átök í kringum að ná ákveðinni sátt.

Það vakti þess vegna mikla athygli í síðustu viku þegar formaður stjórnar sá ástæðu til þess að rjúfa með dálítið sérkennilegum hætti þá sátt og ástæðan fyrir því að við óskum eftir umræðu um það er til þess að reyna að átta okkur á því hvort þau ummæli eru í umboði meirihluta sem kennir sig við allt annað, meirihluta sem lofað hefur allt öðru en líka lofað því að svíkja allt þannig að kannski er ekki við öðru að búast. Ég ætla ekki að rekja það sem kom fram í viðtalinu, virðulegur forseti. Það þekkja flestir sem sitja í þessum sal að formaður stjórnar, ég hugsa að það sé í fyrsta skipti sem formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, allavega undanfarin ár, hefur farið í viðtal og lýst þeirri skoðun sinni og yfirskrift viðtalsins var um það að breyta þyrfti rekstrarformi fyrirtækisins.

Það er, þrátt fyrir að þeir sem ekki hafa setið á þessum vettvangi lengi og nú geta fulltrúar Besta flokksins auðvitað skýlt sér á bakvið það, það er í ljósi sögunnar á þessum vettvangi svona sirka mestu tíðindi sem við höfum heyrt af vettvangi stjórnar Orkuveitunnar í mörg, mörg ár. Og í engu samræmi við það sem borgarstjóri sá ástæðu til að fara með inn á sinn fyrsta eigendafund sl. sumar þegar hann ræddi mjög ýtarlega um það og flutti tillögu um það að fyrirtækið skyldi vera áfram í almannaeigu, eins og reyndar er búið að samþykkja hér á þessum vettvangi aftur og aftur, að kjarnastarfsemin skyldi vera með þeim hætti, og borgarstjóri tók undir það á eigendafundi en nú hefur fulltrúi hans í stjórninni, fulltrúi meirihlutans, talað með allt öðrum hætti og það er eðlilegt að leita

Bstj. 1. febrúar 2011

skýringa á því. Og ég er alveg reiðubúin í þá umræðu og er alveg reiðubúin til að taka hana eins og einhver orðaði það kreddulaust, en við verðum þá að átta okkur á því inn í hvaða umræðu við erum að fara.

Þannig að ég vil óska eftir því forseti á þessum fundi að borgarstjóri svari fyrir þessi mál, ég vil óska eftir því að fá skýringar frá borgarstjóra á því hvort meirihlutanum hafi verið kunnugt um þessar yfirlýsingar formannsins, hvort þær séu veittar í umboði meirihlutans, enda er hann fulltrúi meirihlutans inni í stjórn fyrirtækisins og hvort að borgarstjóra hafi verið kunnugt um það að formaðurinn teldi að þetta væri skynsamleg leið og vildi að hún yrði skoðuð. Ég minni í þessu sambandi á það að þegar núverandi meirihluti gerði umræddan formann að starfandi stjórnarformanni með tæpa milljón á mánuði eins og við vitum eftir umræður úr þessum sal, í fyrsta skipti í sögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur var talin ástæða til þess að taka mann utan að, ráða inn svokallaðan starfandi stjórnarformann og greiða honum milljón á mánuði. Nóg áttu menn nú til þess.

Þannig var haldið á því og eftir mikla gagnrýni bæði fulltrúa Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks bókaði meirihlutinn í borgarráði um það að þetta væri gert vegna þess að það væri svo mikilvægt að stjórnarformaðurinn væri starfandi og fengi milljón á mánuði vegna þess að hann ætti að vera það sem ekki hafði verið áður, tengill stjórnar inn í fyrirtækið. Þannig að hagsmunir eigenda réðu meiru við stjórn fyrirtækisins en áður hefði verið. Og þess vegna hljótum við aftur að spyrja ef þetta, einstaklingurinn sem fær milljón fyrir þetta á mánuði, að vera tengill eigenda inn í fyrirtækið, er hann núna að tala, hann segist reyndar sjálfur tala sem rekstrarmaður, en hann hlýtur að tala sem fulltrúi stjórnar og þess vegna verður borgarstjóri eðlilega og meirihlutinn að svara fyrir það.

Og það var ekki nóg með það að meirihlutinn þrætti fyrir það á sínum tíma að þessi milljónamaður, stjórnarformaðurinn, að hann væri ekki talsmaður eins og rekstrartalsmaður inni í fyrirtækinu heldur væri hann talsmaður meirihlutans, og borgarstjóri bætti um betur í viðtali við Stöð 2, varði ákvörðunina þar af miklum krafti og bætti því við að þetta væri sérstaklega gert til þess að verja hagsmuni almennings og hagsmuni eigenda inni í fyrirtækinu. Og í ljósi þessa hefðu allflestir talið að þessi starfandi stjórnarformaður með milljón á mánuði myndi nú

Bstj. 1. febrúar 2011

tala þá í takti við þá sem hann starfar fyrir og í takti við þá sem hann sækir umboð sitt til, sem eru fulltrúar eigenda, og ef hann gerir það ekki þá hljóti hann að verða að hugsa sinn gang verulega. Þetta verður borgarstjóri að skýra. Óskað er þess vegna skýrra svara frá honum um í hvers umboði stjórnarformaðurinn talar, hvort hann talar í eigin umboði, hvort hann talar í umboði fyrirtækisins, í umboði borgarstjóra, í umboði formanns borgarráðs, sem á sínum tíma taldi nú ástæðu til þess að mynda sérstakan meirihluta í Reykjavík, 100 daga meirihlutann, til að tryggja það að Orkuveitan væri áfram í almannaeigu en stendur núna á bakvið stjórnarformann sem telur ástæðu til þess að ávarpa aðra hluti og óskað er eftir svara frá fulltrúum beggja flokka í meirihlutanum hvað þetta varðar.

Að vísu er það svo að Jón Gnarr og fulltrúar Besta flokksins geta líkt og þau iðulega gera í þessum sal, með ákveðnum rétti, þó siðlaust verði að teljast, þá geta þau sagt að þau hafi lofað að svíkja öll loforð, þau hafi líka lofað að koma vinum sínum í góðar stöður og borga þeim milljón á mánuði en slíkum rökum getur Samfylkingin hins vegar ekki beitt því Samfylkingin lofaði engu slíku og Samfylkingin sagði aldrei: við ætlum líka að svíkja öll loforð. Þannig að þrátt fyrir að Besti flokkurinn kjósi ítrekað að skýla sér á bakvið það í hverri einustu ákvörðun sem hér er tekin, þá getur Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs ekki gert það, hann er að vísu ekki á staðnum hér í dag, er staddur annarsstaðar, en fulltrúar Samfylkingarinnar hljóta að geta svarað fyrir það. Það er semsagt óskað upplýsinga um umboð stjórnarformannsins og í öðru lagi er óskað svara við því sem fram hefur komið bæði í máli formannsins og borgarstjóra í kjölfar þessara umræðna, þeir hafa báðir sagt og sérstaklega borgarstjóri að það sé nauðsynlegt að taka þessa umræðu, það sé mjög mikilvægt að taka þessa umræðu.

Aftur göngum við í gegnum það hér á vettvangi borgarstjórnar að aðilarnir sem ekki hafa gengið í gegnum umræðuna vilja fara í gegnum hana aftur en þeir verða þá líka að átta sig á tímanum sem það tekur. Og ef borgarstjóri, sem hefur sagt að það sé nauðsynlegt að taka þessa umræðu kreddulaust, borgarstjórinn sem söng í Norræna húsinu fyrir því að nýtingarréttur auðlindanna væri ekki í höndum einkaaðila, hann er nú farinn að tala um það á vettvangi borgarstjórnar að það sé mikilvægt að taka þá umræðu og við skulum gera það. En við skulum ekki gleyma

Bstj. 1. febrúar 2011

Því að teljum við ástæðu til þess að gera það núna, þá verður það að gerast bæði á þessum vettvangi og líka í eigendaneftndinni. Borgarstjóri kom með bréf á síðasta fund borgarráðs til umboðsmanns Alþingis þar sem stendur að það eigi að skila niðurstöðu úr eigendaneftnd á næstu vikum. Ef borgarstjóri ætlar að halda því til streitu eins og hann hefur gert í viðtölum að þetta þurfi ýtarlega umræðu á vettvangi borgarstjórnar, þá fer það fram inni í eigendaneftnd þannig að borgarstjóri verður því miður að breyta bréfinu, sú niðurstaða mun ekki fást á næstu vikum eða næstu mánuðum. Jafnvel ekki næstu árum.

Það er vegna þess að við sem höfum verið hér í örlítið lengri tíma vitum hversu mörg ár okkur tók að komast að þeirri niðurstöðu, sem var sameiginleg niðurstaða stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um að stefnan skyldi vera sú að almannabáttur fyrirtækisins skyldi í almannaæigu og kjarnastarfsemin í almannaæigu. Það voru mikil átök og miklar umræður sem leiddu það af sér. Nú er talin ástæða til þess að fara í kreddulausa umræðu um það, ég er alveg reiðubúin í það en menn þurfa að átta sig á tímanum sem það tekur.

Síðan er líka óskað upplýsinga um það hvers vegna og hvaða leikur það sé og hvernig menn geti látið það fara saman að ávarpa þessa hluti núna um breytingar á rekstrarformi á sama tíma og fyrirtækið gengur í gegnum endurfjármögnun sem það er að ganga í gegnum. Það er kannski stærsta atriðið og stærsti gagnrýnispunkturinn sem ég hef við það að stjórnarformaðurinn skuli ávarpa þetta á þessum tíma á sama tíma og við erum í viðræðum við erlenda lánardrottna um það að koma að endurfjármögnun fyrirtækisins, þá kemur stjórnarformaðurinn, hann er að vísu búinn að ganga svo langt að tilkynna að fyrirtækið sé gjaldþrota og þurfi að fara í greiðslustöðvun og allt þetta, og við vitum öll að það hefur skaðað fyrirtækið, að sjálfsögðu hefur það skaðað fyrirtækið líkt og ábyrgðarlaus ummæli borgarstjóra um sama fyrirtæki, en telja menn virkilega að það þarfnist ekki skýringa á vettvangi þessara lánastofnana þegar formaðurinn segir að skoða skuli það að breyta um rekstrarform?

Á sama tíma og við vitum öll sem hér höfum starfað og störfum að lánardrottnarnir, að ábyrgð þeirra og áhugi á því að taka þátt í endurfjármögnun fyrirtækisins, hvílir fyrst og síðast á eignarhaldi fyrirtækisins. Hvílir á því að um

Bstj. 1. febrúar 2011

leið og borgin og sveitarfélögin eiga fyrirtækið, þá ábyrgjast þau lánin. Þannig að það að ávarpa það að aðrir taki yfir lánin eða taki yfir fyrirtækið, hlýtur að setja þetta ferli í algjört uppnám og borgarstjóri verður að svara því hvernig hann hyggist þá halda á því og hvernig hann hyggist útskýra það fyrir lánardrottnum að þetta sé umræða sem þurfi að taka og hún sé farsæl og góð á þessum tímamarki. Það er eitthvað sem ég tel að menn hafi gert mikil mistök með, það er að ávarpa þessa hluti nákvæmlega núna í stað þess að klára þau brýnu verkefni sem felast í endurfjármögnun og síðan geta menn að sjálfsögðu, þegar við erum komin fyrir þann vind, farið að ræða um þá hluti sem stjórnarformanninum virðast vera svo hugleiknir.

Og þá verður líka að spyrja um það hvort borgarstjóra sé kunnugt um það að þessar áherslur stjórnarformannsins sjáist einhversstaðar í rekstri fyrirtækisins, í ákvörðunum fyrirtækisins, vegna þess að við höfum jú áður séð það á þessum vettvangi að þegar borgarstjórn hefur haft lítil tengsl inn í þessa stjórn, þá hafa hlutir gerst þar sem borgarstjórn hefur engan veginn geta fellt sig við. Ég tala nú ekki um þegar formaður stjórnar ávarpar sínar skoðanir með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Í því samhengi vil ég minna á það að þetta fyrirtæki sem við höfum verið að reyna að standa vörð um núna í langan, langan tíma eftir erfiðleika, er eina fyrirtækið sem árið 2009 fékk erlent fjármagn og það fjármagn var nýtt til hálfis, ennþá eigum við eftir að fá helminginn af því fjármagni og við þurfum að huga að því að það eru stærstu verkefni.

Þannig að ég vil biðja borgarstjóra um að svara þessu öllu, hvert sé umboð stjórnarformannsins, hvort honum hafi verið kunnugt um það að stjórnarformaðurinn skyldi viðhafa yfirlýsingar af þessu tagi. Ég sé reyndar að borgarstjóri hefur kannski ekki tekið allar þessar spurningar niður en ég ætla nú ekki að fara yfir þær allar aftur. Þær lúta að umboði, þær lúta líka að ábyrgðinni á þessum tímamarki, þær lúta að tímafaktornum og hvernig þetta getur tafið okkar vinnu og almennum yfirlýsingum um það hvernig sé best haldið á þessu stóra og brýna verkefni. Og ég óska eftir því, forseti, að þessum spurningum verði svarað hér og nú.

Bstj. 1. febrúar 2011

Og ég tel mikilvægt að við tökum þessa umræðu hér í þessum sal og miklu víðar, tel mikilvægt að við áttum okkur á því hvort núverandi meirihluti hyggst fara í breytingar á umgjörð fyrirtækisins. Sé það ekki, sé það ekki og tali formaður stjórnar einungis í eigin umboði, sem rekstrarmaður eins og hann segir svo gjarnan, þá breytir það engu um það að forsvarsmenn þessa meirihluta hafa tekið undir það að það þurfi frekari umræður um þær sömu spurningar og hann hefur varpað upp og það mun kalla á tíma, tímafreka vinnu og annarskonar umræðu heldur en við höfum átt hér á þessum vettvangi og það mun líka kalla um það að sáttin sem hefur verið hér til staðar til þess að standa vörð um fyrirtækið er að sjálfsögðu rofin eins og fram kom í máli Sóleyjar Tómasdóttur, sem hefur nú ekki endilega verið algjörlega sammála mér í þessu máli en er augljóslega mjög andsnúin þessu, þannig að það þarf að fara í gegnum það allt frá grunni.

Ég bið borgarstjórn líka um að átta sig á því að slík stefnubreyting er alveg á allt öðrum stað heldur en sú samhljóða stefna sem samþykkt var hjá stjórninni fyrir mjög stuttu síðan eftir mikla vinnu og bið borgarstjórn einnig að átta sig á því að slík umræða verður að fara fram inni í eigendanefnd og því verður borgarstjóri að svara því hvernig menn hyggist þá halda á eigendanefndinni og hversu lengi megi þá búast við því að hún þurfi að starfa. Ég hefði talið farsælla, hæstvirtur forseti, að svona ummæli eins og féllu hefðu verið látin bíða fram að þeim tíma sem fyrirtækið er komið í öruggt skjól og er búið að klára sitt brýnasta verkefni sem er endurfjármögnun, sem því miður virðist ekki ganga nægilega vel, þrátt fyrir að borgarstjóri og fleiri hafi nú tilkynnt íbúum Reykjavíkurborgar að tækju þeir á sig tugprósenta hækkun, þá myndi málið klárast. Ég veit ekki til þess að verkefnið sé ennþá í höfn, sem ég held að hafi að einhverju leyti með það að gera hvernig haldið hefur verið á málefnum fyrirtækisins og hvernig yfirlýsingar hafa verið látnar falla en því verður borgarstjóri að svara og ég óska eftir skýrum svörum við því á þessum fundi.

Forseti: Þá hefur Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi lokið máli sínu. Þá tekur til máls háttvirtur borgarstjóri. Gjörðu svo vel.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, borgarfulltrúar og góðir gestir. Ummæli stjórnarformanns Orkuveitunnar, mig langar, með leyfi forseta, að fá að lesa ummælin sem vitnað er til:

Stjórnarformaðurinn vill ekki hafna neinni lausn varðandi form eignarhalds á orkuframleiðslufyrirtækjum. Eignarhald orkufyrirtækja á Íslandi er auðvitað hápólítískt mál, sérstaklega um þessar mundir. „Ég held að í þeirri umræðu beri að forðast allar kreddur, til að mynda fæ ég ekki séð frá þeim stað sem ég er á núna, að opinbert eignarhald hafi verið einhver töfralausn sem komi í veg fyrir allan vanda. Vel má vera, ef hlutirnir eru framkvæmdir á réttum forsendum að einkaeignarhald gagnist neytendum betur. Það kann að vera að hagsmunum skattborgara sé betur borgið til langs tíma, séu orkufyrirtæki í einkaeigu.“

Tilvitnun lýkur. Ég get ekki lesið út úr þessum ummælum einhverjar fullyrðingar eða yfirlýsingar. Þvert á móti myndi þetta kallast á íslensku hugleiðingar. Og greinilega út frá eigin brjósti. Þarna er maður að tala út frá sjálfum sér og miðar við sjálfan sig. Ég get ekki betur séð og svo framvegis. En stefna okkar, meirihlutans, í málefnum Orkuveitunnar er mjög skýr og hvað varðar eignarhaldið. Við viljum að eignarhald Orkuveitunnar verði, eða semsagt að Orkuveitan og auðlindir okkar, verði í eigu borgarinnar og ekki seldar einkaaðilum. Það er mjög skýr stefna. En Orkuveitan er í gífurlega miklum vanda og hún er, já, fjárhagsstaða Orkuveitunnar er ekki góð.

Þannig að að gera þessi ummæli að umræðuefni finnst mér svolítið, já, byggð á ótta sem mér finnst tilefnislaus, svipaður ótti eins og ótti við, eins og til dæmis flughræðsla, sem er mjög alvarlegur ótti en er ótinn við eitthvað sem er ekki að gerast en gæti hugsanlega gerst. Þetta er kallað óraunhæfur ótti. Það er ekki verið að einkavæða Orkuveituna. Það hefur ekki staðið til að einkavæða Orkuveituna. Þvert á móti. Eins og ég hef margoft tjáð mig um. En kannski sýnir þetta, og líka bara í þessari umræðu sem gjarnan er um Besta flokkinn og hvað við erum gjarnan siðlaus og ég veit ekki hvað, við erum stefnulaus og siðlaus og við erum vonbrigði og við erum, bara skömmu eftir að við byrjuðum að vinna þá vorum við byrjuð að hjakka í gömlum hjólförum stjórnmalanna og tími til kominn að við

Bstj. 1. febrúar 2011

færum að rífa okkur upp úr hjólförum úreltra vinnubragða, bara rétt eftir að við byrjuðum.

Og eitt af því sem er algjörlega úrelt, það er það að ekki megi gera mistök. Ekki megi segja eitthvað í dag sem við nánari athugun kannski fær mann til að skipta um skoðun. Það má alls ekki. Því það verður notað gegn þér. Við skulum grafa upp allt sem þú hefur einhvern tímann sagt og við skulum spyrja þig: hvers vegna segirðu þetta núna, þegar í september sagðirðu eitthvað annað? Eða eitthvað sem hugsanlega mætti skilja öðruvísi? Maður þarf ekki einu sinni að hafa sagt það, það er nóg að einhver vilji skilja það og jafnvel rangtúlka það þannig. Varðandi Orkuveituna og varðandi auðlindir okkar og verðmæti og framtíð okkar, þá erum við dæmd til þess að hjakka í sama farinu ef við ætlum að halda áfram að tala saman á þennan hátt. Ef það er þannig að enginn þorir að tjá sig um neitt af ótta við það að verða einhvern veginn niðurlægður fyrir það eða tekinn fyrir eða hreinlega lagður í einelti fyrir það.

Þetta sýnir kannski líka, og ég er nú mikið spurður um þessi ummæli stjórnarformannsins, hvort mér hafi verið kunnugt um afstöðu hans og hvort þetta samræmist minni stefnu eða mínum hugmyndum og skiptir þá engu máli þótt ég sé búinn að gefa út viðtöl og yfirlýsingar þessu að lútandi, það kemur ekki einu sinni fram. Það er bara eins og ég hafi aldrei gert það. En það dylst engum sem kynnir sér það sem ég hef sagt hver mín afstaða er til þessara mála. En þetta sýnir kannski svolítið í hnotskurn muninn á Besta flokknum og hefðbundnum stjórnsmálaflokkum. Við höfum enga stefnu. Við erum ekki með ráð og nefndir og eitthvað fólk á launum hér úti í bæ við að búa til einhverjar stefnur og ályktanir og svo framvegis og svo framvegis. Besti flokkurinn á ekkert húsnæði neins staðar og er í rauninni varla til sem pólitískt afl.

En við höfum nokkur leiðarljós sem eru náttúra, menning, mannúð og friður. Það er svona gróflega það sem við vinnum eftir. Þess vegna getur fólk í Besta flokknum verið ósammála. Fólk má hafa sínar skoðanir og það vakti svolitla athygli fyrir nokkru síðan þegar einn borgarfulltrúi Besta flokksins lýsti því yfir að hann vildi banna áfengi á vínveitingastöðum og ég var spurður að því, hvað finnst þér um þetta? Og mér finnst það bara allt í lagi, það er hans skoðun. En að

Bstj. 1. febrúar 2011

túlka það þannig að ummæli stjórnarformanns Orkuveitunnar eða hugleiðingar stjórnarformanns Orkuveitunnar séu þar af leiðandi einhverskonar stefna Besta flokksins er alrangt. Ég svara því til að mér finnst ekki mikið að byggja á í umræðu um ummælin og þau draga ekkert úr trausti mínu á stjórnarformanninum og mér finnst ekki ástæða til þess að efast um veru hans.

Ég get alveg fallist á það að hugsanlega hafi ummælin verið óheppileg og kannski ekki komið fram á réttum tíma en varðandi framtíðarrekstur Orkuveitunnar og hvað við viljum og hvort það komi til greina að, nú er þetta svo þrungið meiningum og gamalli sögu, hvað heitir opinber eiga og hvað heitir einkavæðing? Þannig að það er mjög erfitt að tjá sig eitthvað um þessa hluti á opinskáan hátt án þess að vera dreginn í einhverja dilka en eins og mér sýnist, þá hefur Orkuveitan, opinbert fyrirtæki í almannaeigu, svolítið verið rekin eins og einkafyrirtæki í samkeppni og það er eins og það hafi einhvern veginn þróast þannig að fyrirtækið gæti verið bæði. Með öryggi hins opinbera og áhættu og ævintýramennsku einkageirans og það hefur bara ekki gengið upp.

Mér finnst það grundvallaratriði að Orkuveitan og auðlindir okkar séu í almannaeigu. Mér finnst það algjört grundvallaratriði. Síðan hvernig því er framfylgt í praxís, það finnst mér tilefni til umræðu og mér finnst mjög hættulegt að alhæfa eitthvað um það fyrirfram og ég horfi til dæmis, mér finnst mjög gott að horfa til dæmis til Ríkissjónvarpsins í þessu tilliti, mér finnst mjög nauðsynlegt og tel að það geti verið mjög gott að ríkið reki sjónvarpsstöð. Ég hef séð það gert með góðum hætti mjög víða og það á að vera hlutverk Ríkissjónvarpsins að skapa lifandi heimild um okkar samtíma sem við höfum síðan aðgang að og komandi kynslóðir. En það er grundvallaratriði hvernig þetta er síðan gert og það er semsagt ekki nóg að formið sé skýrt, heldur verður framkvæmdin að vera góð þannig að það er ekkert til neinar fullkomnar lausnir eins og fram hefur komið en mér finnst mjög mikilvægt að við getum talað opinskátt um þetta án þess að vera úthröpuð eða dregin í dilka eða að þurfa að horfa upp á það að það sé ekki til neins að segja neitt vegna þess að það verði rangfært og því verði snúið einhvern veginn gegn manni og allur tími manns fari í að leiðrétta eitthvað sem aldrei var neitt. Takk fyrir.

Bstj. 1. febrúar 2011

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Það hafa tveir borgarfulltrúar óskað eftir að veita andsvar. Fyrst tekur til máls Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarstjóra svörin en býst þó við að hann muni svara því betur á fundinum síðar því ég held að hann hafi ekki svarað einni einustu spurningu sem fyrir hann var lögð. Það er svosem ekki í fyrsta skipti sem það er gert, heldur eru haldnar hér langar ræður um eðli Besta flokksins og allt þetta hér-er-ég-um-mig-frá-mér-til-mín ræðan sem við erum búin að heyra nokkuð oft, en hæstvirtur borgarstjóri, það skiptir engu máli. Hann sagði hér mörgum sinnum, borgarstjórinn, í sinni ræðu að þetta væri allt hægt að skýra með því að við hefðum enga stefnu. Besti flokkurinn hefur enga stefnu. Gott og vel en í aðgerðum felst stefna. Í aðgerðum felst stefna þannig að Besti flokkurinn getur ekki endalaust skýlt sér á bakvið það að annað hvort hafa enga stefnu, hann framkvæmir samt, í því felst stefna, og segja síðan þegar fólk er óánægt með stefnuna eða aðgerðirnar, þá segja menn: ja, við lofuðum að svíkja öll loforðin.

Þetta gengur bara ekki upp. Það er bara einhver villa í þessu, hugsanavilla. Það er þess vegna sem við erum að benda á, því allavega siðferðilega gengur það ekki upp. Látum það vera hvort það gengur upp í röksemdinni en siðferðilega gengur það ekki upp. Og kannski er það bara málið að borgarstjóri, hann segir, borgarstjórinn, að það séu ákveðin leiðarljós í stefnu Besta flokksins og hann vísar til menningar, hér er fjöldi fólks á pöllum sem telur nú ekki alveg að menn hafi staðið við þau loforð. Hann vísar til náttúru. Við teljum og mjög margir telja og borgarstjórinn kveinkar sér stöðugt undan því að þurfa síðan að svara fyrir það. Hann kveinkar sér undan því að þurfa að svara fyrir ummæli stjórnarformanns sem borgarstjóri segir að hafi bara verið í persónulegu viðtali, þetta voru svona vangaveltur og hugleiðingar manns. Hann var í viðtalinu, hæstvirtur borgarstjóri, sem formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Ef það skyldi hafa farið framhjá borgarstjóra.

Hann var ekki í viðtalinu sem einstaklingur til þess að velta fyrir sér málefnum Orkuveitunnar. Hann var þar sem stjórnarformaður sem fær milljón á mánuði greidda frá Ráðhúsi Reykjavíkur eða Orkuveitunni fyrir að sinna þessu verkefni.

Bstj. 1. febrúar 2011

Hann var að tjá sig sem stjórnarformaður Orkuveitunnar. En þá er þetta bara, af því að það hentar, þá eru þetta vangaveltur einstaklings, næstum því úti í bæ, næstum því úti í bæ, og borgarstjóri ber auðvitað enga ábyrgð á því vegna þess að Besti flokkurinn hefur enga stefnu en Besti flokkurinn framkvæmir samt hluti og í þeim felst stefna og borgarstjóri verður að una því eins og aðrir kjörnir fulltrúar að þurfa að svara fyrir það. [Forseti slær í bjöllu.]

Forseti: Þá hefur Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu og þá veitir andsvar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta var nú svosem áhugaverð ræða og margt í henni sem ég mun koma inn á betur í seinni ræðu en mig langar til þess að ítreka spurningu mína til borgarstjóra og þá kannski sérstaklega þá spurningu sem kemur að Hverahlíðarvirkjun og mögulega Hellisheiðarvirkjun og viðbrögð borgarstjóra í Morgunblaðinu þar sem hann segir að það komi til greina að skoða samninga við einkaaðila þegar kemur að fjármögnun og framkvæmdum í Hverahlíð. Ég vil mjög gjarnan að borgarstjóri útskýri fyrir mér forskriftina sem hann er að kalla eftir, hver það er sem á að gera þessa forskrift eða skrifa þessa forskrift og hvað á að felast í henni og hvort það var forskriftin sem borgarstjórinn var að tralla út af í Norræna húsinu eða hvort það var eignarhald á orkufyrirtækjum og nýtingu auðlindanna. Ég myndi gjarnan vilja fá skýr svör við þessu áður en lengra er haldið.

Forseti: Þá hefur Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi lokið máli sínu. Þá svarar andsvörum borgarstjóri.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Sem svar við spurningu borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur, þá tel ég ekki koma til greina að einkavæða neinar virkjanir. Ég vona að það svari spurningunni. Takk.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar. Þá veitir andsvar öðru sinni Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Mig langar til þess að halda áfram með þetta, takk fyrir svarið, gott að þú hyggst ekki einkavæða virkjanir en eins og þú nefndir sjálfur í ræðu þinni, þá eru ýmis hugtök notuð yfir þær leiðir sem hægt er að fara. Það er hægt að fara í verkefnafjármögnun, það er hægt að fara í einkaframkvæmd, það er hægt að gera samninga við einkaaðila, það er hægt að fara í til dæmis verkefnafjármögnun með þeim hætti að Orkuveitan ætti innan við helming í verkefninu eða yfir helming í verkefninu og einkaaðilar koma þar að. Er borgarstjóri opinn fyrir aðkomu einkaaðila með einhverjum hætti, einhverskonar samningum við einkaaðila um nýtingu auðlinda á Hellisheiði?

Forseti: Þá hefur Sóley Tómasdóttir veitt andsvar í annað sinn, þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er athyglisvert að hlusta á þessa umræðu um Orkuveitu Reykjavíkur hér í borgarstjórn og ég vil aðeins staldra við og minna borgarfulltrúa á, og borgarstjóra, hvað þessi umræða er mikilvæg. Orkuveitan er eitt mikilvægasta fyrirtæki borgarinnar, hún er að mestu leyti í eigu borgarinnar og því skiptir miklu máli hvernig henni er stjórnað, það skiptir líka miklu máli eins og dæmin hafa sannað að það sé samhljómur á milli pólitískra fulltrúa og fulltrúa í stjórn fyrirtækisins. Nú er það reyndar þannig að meirihluti stjórnar fyrirtækisins situr ekki hér í borgarstjórn eins og oft hefur verið. Það eru í rauninni bara tveir borgarfulltrúar sem sitja núna í stjórn fyrirtækisins og það eru semsagt sá sem hér stendur og Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi og það er þess vegna mjög mikilvægt að þegar slík umræða fer fram í söllum borgarstjórnar að allt sé sagt, öllum spurningum sé svarað, því sú umræða sem er hér, við þurfum að fara með hana síðan á stjórnarfund í Orkuveitunni og láta vita hver sé svona hin pólitíska stefna. Og það verður að segjast eins og er að þegar er kallað eftir pólitískri stefnu, þá er það hlutverk, ekki síst meirihlutans og borgarstjóra að láta hana í té.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst borgarstjóri ekki svara nógu skýrt þeim spurningum sem hér er til hans beint. Borgarstjóri, hann er ekki bara pólitíkus, hann er ekki bara í rauninni aðalpólitíkusinn í borgarstjórn, hann er líka æðsti embættismaður borgarinnar. Hann getur ekki látið hjá líða að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Hann getur ekki litið á þær spurningar sem koma hér fram í borgarstjórn sem einhverskonar hlaðborð sem hann getur síðan valið bestu bitana af, síður en svo. Hann verður, sem embættismaður, að taka eftir öllum spurningum, gjarnan skrifa þær hjá sér í staðinn fyrir að ganga út úr salnum eins og hann gerir núna, og svara þessum spurningum. Þetta er skýlaus krafa sem borgarbúar og borgarfulltrúar eiga á borgarstjórnann að hann taki eftir því að minnsta kosti að hverju er spurt. Það þýðir ekki að svara bara sumu eða vísa í að menn geti sent sér tölvupóst eða bara spurt embættismennina að þessu eins og því miður hefur verið gert hér á undanförunum fundum.

Bstj. 1. febrúar 2011

Þannig að þetta er mjög sérkennileg staða og ég skil heldur ekki hjá borgarstjóra að reyna að gera lítið úr ummælum stjórnarformanns Orkuveitunnar. Stjórnarformaður Orkuveitunnar fer auðvitað með gífurlegt vald yfir fyrirtækinu í umboði borgarstjórnar og það skiptir miklu máli auðvitað að sá maður tali skýrt og við fáum að vita það hér í borgarstjórn þegar hann talar með slíkum hætti eins og hann hefur gert, hvort þá hugur fylgi máli, hvort borgarstjórn sé sammála þessari stefnu eða ekki. Það er mjög mikilvægt að það sé fengið fram sem fyrst. Mér heyrir á borgarstjóra að það sé ekki hægt að líta svo á að skoðanir stjórnarformannsins séu skoðanir meirihluta borgarstjórnar og það er þá bara fínt að það sé fengið fram en það verður að kveða mjög skilyrðislaust upp úr því og það þarf síðan að leiða í ljós hvort stjórnarformaðurinn getur talað með þessum hætti, getur sinnt störfum sínum með þessum hætti ef hann talar ekki í umboði meirihluta borgarstjórnar.

En ég skil heldur ekki þetta, að gera lítið úr ummælunum, það sjá það allir sem lesa umrætt viðtal í Morgunblaðinu síðasta fimmtudag, að þar er algjörlega gefið undir fótinn, það er í rauninni sagt beint að það sé æskilegt að breyta rekstrarformi fyrirtækisins og það er líka mjög gefið undir fótinn með ákveðnar einkavæðingarhugmyndir og það er auðvitað mjög merkilegt að fylgjast með því því í rauninni, ég hef nú haft tilhneigingu til að líta á þá þrjá fulltrúa meirihlutans sem sitja í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, ég hef haft tilhneigingu til að líta á þá alla sem fulltrúa Samfylkingarinnar en á meðan forsætisráðherra og formaður Samfylkingar segist leita allra leiða til að vinda ofan af einkavæðingu HS Orku, þá talar stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur með þessum hætti og hann situr, eins og allir vita, hann situr þar í beinu umboði varaformanns Samfylkingarinnar og talar þá um nauðsyn þess að breyta rekstrarformi eða jafnvel að einkavæða þetta fyrirtæki.

Nú, ég ætla hinsvegar ekki að draga úr því að kjörnum fulltrúum í stjórn Orkuveitunnar og hér í borgarstjórn er að sjálfsögðu frjálst að ræða opinberlega um skoðanir sínar á málefnum og rekstrarformi fyrirtækisins. Það er í raun mikilvægt hlutverk þeirra að halda almenningi vel upplýstum um stöðu fyrirtækisins hverju sinni og segja auðvitað frá því, segja auðvitað frá því í tíma ef

Bstj. 1. febrúar 2011

Það stendur til að gera einhverjar afdrifaríkar breytingar og ég veit að margir hafa skilið þetta viðtal við stjórnarformanninn þannig, ekki síst starfsmenn fyrirtækisins. Í slíkum umræðum er hins vegar afar mikilvægt og brýnt að menn hafi ætíð í huga hvaða afleiðingar slík ummæli geta haft, ekki síst nú þegar Orkuveitan á í viðkvæmum viðræðum um endurfjármögnun lána sinna. Og það verður að segjast eins og er að frá valdatöku Samfylkingar og Besta flokksins í júní sl. hafa kjörnir fulltrúar flokkanna hvað eftir annað gefið yfirlýsingar á opinberum vettvangi um Orkuveituna sem hafa verið til þess fallnar að draga úr trúverðugleika fyrirtækisins og veikja stöðu þess í yfirstandandi viðræðum við banka og aðrar lánastofnanir um endurfjármögnun lána. Annað hvort hefur fyrirtækið beinlínis verið talað niður eða ummæli látin falla sem líklega eru til þess að skapa deilur og óvissu um framtíð þess eða ríða trúverðugleika þess með öðrum hætti.

Ég hef í mörgum einkasamtölum og á stjórnarfundum í Orkuveitunni og jafnvel í borgarstjórn gert athugasemdir við slíka hegðun, sagt að auðvitað sé mönnum frjálst að segja hug sinn en menn verði að hafa í huga hvaða afleiðingar það geti haft og það hefur alltaf verið tekið vel í slíkar ábendingar frá fulltrúum meirihlutans og ég þakka fyrir það. Þess vegna kemur það mér alltaf aftur á óvart þegar menn síðan höggva í sama knérunn og halda uppteknum hætti og tjá sig gáleysislega um fyrirtækið. Það gerði stjórnarformaður Orkuveitunnar síðasta fimmtudag í Morgunblaðinu og kýs að velja afar viðkvæman tíma til að hefja slíkar umræður um breytt rekstrarform fyrirtækisins, eða jafnvel hugsanlega einkavæðingu. Það verður bara að segjast eins og er að þessar yfirlýsingar hafa nú þegar vakið mikla athygli víða og eru því miður til þess fallnar að skapa óvissu um fyrirtækið á viðkvæmum tímum.

Við skulum bara gera okkur það ljóst að þessi ummæli sem fulltrúar meirihlutans hafa látið falla um Orkuveituna, ég hef fengið það staðfest að þessi ummæli hafa farið víða, þau hafa farið til útlanda, þau hafa náð eyrum þeirra erlendu lánardrottna sem Orkuveitan hefur verið í góðu sambandi við og á að nokkru leyti tilveru sína undir. Og ég held að það sé alveg ljóst að slík ummæli hafa ekki hjálpað yfirstjórn Orkuveitunnar í því erfiða verkefni að endurfjármagna slík lán.

Bstj. 1. febrúar 2011

Þess vegna er það afar óheppilegt, og ég veit að stjórnendur Orkuveitunnar hafa þurft að glíma við það, þeir hafa þurft að lempa menn og draga einhvern veginn úr, sem er auðvitað mjög óheppilegt, óheppilegum orðum stjórnámálanna, og borgarstjóra til dæmis í þessu sambandi. Það er mjög slæmt fyrir stjórnendur Orkuveitunnar sem eru virkilega að gera allt sitt besta til að láta þetta góða fyrirtæki ganga vel, að fá síðan aftur og aftur einhver ný ummæli til að glíma við, það er afar slæmt ef pólitíkusar hér taka ekki þessari tilsögn, verða ekki við þeim óskum að haga orðum sínum betur.

Þá er ekki bara hægt að segja: það er engin meaning í þessum orðum. Þegar menn á annað borð segja: Orkuveitan er á hausnum, eins og háttvirtur borgarstjóri lét sér einu sinni sæma að segja, að það þýðir ekkert að koma seinna og segja: nei, nei, ég meinti þetta ekkert. Það þýðir ekkert að koma seinna og segja: já, já, ég var bara að tala um einkavæðingu, ég var bara að tjá mig eins og persóna. Ég meinti þetta ekki neitt. Það þýðir ekkert að láta þannig í pólitík vegna þess að það eru margir, ekki síst þeir sem fyrirtækið er í viðskiptum við, sem taka ummæli pólitíkusa ennþá alvarlega í þessu sambandi. Ég ætla að biðja menn um að gá að þessu.

Það er athyglisvert að heyra þau orð borgarstjóra, ég skildi hann rétt þannig að hann segði að það kæmi ekki til greina að einkavæða neinar virkjanir, það er ágætt bara að fá það hér, en ég get ekki fallist á það með borgarstjóra að það megi ekki gera orð að umtalsefni, menn verða að átta sig á því að orð hafa ábyrgð, menn verða að bera ábyrgð á orðum sínum og jafnvel þótt í darraðardansi stjórnámálanna menn taki ekki mark á öllu sem hinir stjórnámálamennirnir segja, þá verða menn að hafa það í huga að úti í þjóðfélaginu og jafnvel í öðrum löndum, þá gera menn það og það er ekki hægt að líkja slíkum ótta, um að slík ummæli geti komið sér illa fyrir fyrirtækið, líkja því við flughræðslu eða eitthvað slíkt.

Ég ætla líka að gera hér að umtalsefni stórmál sem stendur nú fyrir dyrum hjá Orkuveitu Reykjavíkur, það er ráðning forstjóra. Á stjórnarfundum eða reyndar stjórnarfundum nýlega hef ég sem fulltrúi í stjórn fyrirtækisins gert alvarlegar athugasemdir við ráðningarferli vegna framtíðarforstjóra fyrirtækisins og ég lagði til í síðustu viku, þá lagði ég til að óháð ráðningafyrirtæki yrði fengið til að leggja

Bstj. 1. febrúar 2011

mat á hæfni umsækjenda um starfið og það fyrirtæki myndi vinna úr umsóknum í nánú samstarfi við stjórn fyrirtækisins og þessi tillaga var felld af meirihluta stjórnar. Ég ætla að fara hér örstutt yfir þetta en ég held að rétt sé að borgarstjórn sé upplýst um þetta því það auðvitað skiptir mjög miklu máli hver verður ráðinn í þessa miklu ábyrgðarstöðu sem forstjórastaða Orkuveitunnar er. En allt frá því að fyrrverandi forstjóra Orkuveitunnar var vikið fyrirvaralaust úr starfi 17. ágúst sl. hefur sá sem hér stendur ítrekað lagt þunga áherslu á að óvissu um yfirstjórn verði eytt sem fyrst og framtíðar forstjóri ráðinn án tafar.

Í þessum mikilvægu viðræðum um endurfjármögnun skulda sem stendur yfir skiptir miklu máli að viðsemjendum sé ljóst hver framtíðarforstjóri sé og hvaða stefnu hann fylgir. Þrátt fyrir fyrirheit um að rösklega yrði gengið til verks hefur meirihluti stjórnar kosið að framlengja óvissu um yfirstjórn fyrirtækisins mánuðum saman. Tæplega verður nýr forstjóri tekinn til starfa fyrir 17. febrúar nk. en þá verður hálf ár liðið frá starfslokum fyrrverandi forstjóra. Þessi ráðning er með mikilvægustu ákvörðunum sem stjórnir fyrirtækja fá til úrlausnar. Þetta er mikilsháttar mál og þess vegna afar mikilvægt að slíkt ráðningarferli sé gagnsætt, hafið yfir vafa og formreglum fylgt í hvívetna. Nú, meirihluti stjórnar Orkuveitunnar stefnir að því og hefur haft þann framgang í málinu að láta núverandi forstjóra gegna lykilhlutverki í því að velja eftirmann sinn.

Þegar þessi ágæti maður, Helgi Þór Ingason, var ráðinn forstjóri Orkuveitunnar, 17. ágúst þegar hinum var sagt upp, þá var sú ráðning á pólitískum forsendum og á ábyrgð meirihluta Samfylkingar og Besta flokksins í Borgarstjórn Reykjavíkur. Starfið var ekki auglýst til umsóknar. Ekkert hæfnismat átti sér stað. Í starfið var síðan ráðinn vinur starfandi stjórnarformanns og viðskiptafélagi föður hans. Að framansögðu er ljóst að þrátt fyrir að forstjórinn sé hinn ágætasti maður, þá er ljóst að hann getur hvorki talist hlutlaus né óháður og það er því ekki við hæfi að hann komi að vali umsækjenda fyrir hönd þeirrar fjölskipuðu stjórnar sem stjórn Orkuveitunnar er. Og hef ég sagt að ég gæti, fyrir mitt leyti, út af því hvernig þessi maður var ráðinn, þá gæti ég ekki fallist á það að hann væri minn fulltrúi í þessu ráðningarferli en meirihluti stjórnar stefnir að því að gera hann að í rauninni fulltrúa allra stjórnarmanna í þessu ráðningarferli.

Bstj. 1. febrúar 2011

Það er fáheyrt ef ekki með öllu óþekkt í opinberri stjórnslu, að minnsta kosti á síðustu áratugum, að forstjóri í opinberu fyrirtæki sé í lykilhlutverki við val á eftirmanni sínum, eins og meirihluti stjórnarinnar vill af einhverjum ástæðum viðhafa í þessu tilviki. Þá er stefnt að því í ríkum mæli að framselja vinnu vegna ráðningarferlisins sem stjórnin á að sinna, yfir til þessa forstjóra ásamt aðkeyptum ráðgjafa úti í bæ. En samkvæmt 4. grein laga nr. 139/2001, þá er það stjórn Orkuveitunnar sem ræður forstjóra fyrirtækisins. Í þessari lagagrein felst að sjálfsögðu að stjórnarmenn eiga að kynna sér gögn nægilega vel til þess að taka upplýsta ákvörðun hverju sinni. Hlýtur þessi skylda að verða ríkari eftir því sem ákvarðanir eru mikilvægari.

Það hlýtur því að vera hægt að gera þá kröfu til okkar stjórnarmanna í fyrirtækinu að áður en við gerum upp á milli einstakra umsækjenda, þá förum við ýtarlegar yfir gögn málsins en hingað til hefur verið gert á fundum stjórnar. Vinnubrögð meirihlutans í þessu máli hafa verið með ólíkindum og ég, sem hef farið í gegnum tugi ráðningarferla, bæði hjá hinu opinbera og í einkafyrirtækjum, ég hef aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum, öðru eins sleifarlagi við nokkra ráðningu. Á stjórnarfundum 10. janúar, sem var fyrsti stjórnarfundurinn eftir að umsóknum hafði verið skilað inn til fyrirtækisins, þá var engum upplýsingum um umsækjendur dreift, heldur látið nægja að birta nafnalista á tjaldi. Þegar undirritaður óskaði eftir því að fá í hendur lista yfir umsækjendur ásamt nánari upplýsingum um hvern og einn, þá úrskurðaði stjórnarformaður um að sá listi skyldi afhentur, ekki vegna þess að það væri æskilegt heldur vegna þess að ekki væri unnt að neita stjórnarmanninum um þessar upplýsingar.

Eftir því sem næst verður komist hafa aðrir stjórnarmenn ekki nálgast frekari upplýsingar en sá sem hér stendur um umsækjendur en sýndar voru á tjaldinu, þrátt fyrir að það sé ótvíræð skylda þeirra samkvæmt lögum að taka fullnaðarákvörðun í málinu. Hins vegar hefur forstjórinn, ásamt þessum aðkeypta ráðgjafa, hann hefur vinsað úr þeim 60 umsóknum sem bárust og er búinn að skila til stjórnarinnar lista yfir þröngan hóp sem stjórnin á þá væntanlega að taka afstöðu til. Nú, ég tel mikinn vafa leika á að við stjórnarmenn getum átt þess kost að taka upplýsta og vel rökstudda ákvörðun með svo litlar grundvallarupplýsingar

Bstj. 1. febrúar 2011

Í höndunum og tel að okkur sé ekki heimilt við svo viðamikla ákvörðun að framselja vald okkar til tveggja utanaðkomandi manna í jafnmiklum mæli og hér virðist vera að stefnt.

Nú, á fyrri stigum ferilsins hef ég gert munnlegar athugasemdir við það, og var satt að segja að vona að menn gætu náð saman um þetta mál í sátt, ég held að það sé mjög mikilvægt um slík ráðningamál að þau séu unnin í sátt, og þess vegna voru það mér persónulega mikil vonbrigði að stjórnarformaður og meirihluti stjórnar fyrirtækisins sé núna að keyra málið áfram með því að fela forstjóra, sem er pólitískur fyrst og fremst, að bera lykilaþbyrgð í þessu máli. Ég vænti þess hinsvegar að stjórnin muni taka endanlega ákvörðun og þá í rauninni ábyrgð á þessu ráðningarferli sem er allt mjög furðulegt. En í nóvember fól stjórnin starfandi forstjóra og aðkeyptum ráðgjafa að leggja tillögu að starfslýsingu og auglýsingu vegna ráðningarinnar fyrir stjórn en það hefur í rauninni aldrei verið samþykkt með réttum hætti að fela, fela þessum tveimur mönnum að fara yfir umsóknir með þessum hætti og kalla umsækjendur í viðtöl. Það hefur aldrei verið samþykkt og það er auðvitað grafalvarlegt mál að menn séu umboðslausir að vinna þessa vinnu fyrir stjórnina.

Ég tel hreinlega, og það er ljóst að það vantar mikið á að þetta ráðningarferli sé faglegt, gagnsætt og jafnvel löglegt. Slík vinnubrögð eru með öllu óviðunandi og ég lýsi yfir fullri ábyrgð á hendur meirihluta stjórnar fyrirtækisins og meirihlutanum hér í borgarstjórn vegna þess. Þess vegna held ég, og það er ennþá hægt þrátt fyrir að málið sé langt gengið, þá er ennþá hægt að draga úr skaðanum í þessu máli með því að leita til óháðs ráðningafyrirtækis um að taka allt þetta ferli í sínar hendur og ljúka því á faglegan hátt í nánú samstarfi við stjórn Orkuveitunnar. Vilji meirihlutinn ekki fara þá leið, það væri gott að fá svör við því hér í dag hvort menn vilji fara þá leið og óska eftir því við stjórn Orkuveitunnar að það verði farin fagleg og lögleg leið, að þá held ég að mér sé nauðugur einn kostur að óska eftir því á borgarráðsfundi næsta fimmtudag að borgarlögmaður fari yfir þetta mál. Borgarlögmaður eða innri endurskoðandi borgar eða einhver slíkur aðili, hann fari yfir þetta ráðningarferli og gefi álit sitt á

Bstj. 1. febrúar 2011

Því hvort rétt sé staðið að því, sem ég tel ekki vera. Eins og ég segi, ég hef aldrei kynnst slíkum vinnubrögðum áður.

Þessi vinnubrögð og sú stífni sem meirihluti stjórnar Orkuveitunnar sýnir í þessu máli, hún virkilega vekur upp spurningar um það hvort það sé verið að leiða menn að ákveðinni niðurstöðu, það sé verið að leiða stjórnarmenn að ákveðinni niðurstöðu með því að þeir sjálfir einhvern veginn, upplýsingum er haldið frá þeim og meirihlutinn virðist sjálfur vilja að stjórnin fái sem minnstar upplýsingar í hendur og það er eðlilegt að maður spyrji þá vegna slíkra vinnubragða, maður hefur komið með athugasemdir við það en við þeim hefur ekki verið orðið, hvort það sé einhver skrípaleikur í gangi, hvort það sé búið að ráðstafa starfinu fyrirfram en síðan eigi einhver skrípaleikur að fara fram undir heitinu ráðningarferli og ég teldi þá æskilegt að menn kæmu þá bara hreint fram og segðu að þeir vildu ráða í þessa stöðu pólitískt en ekki faglega eins og þeir þykjast þó vera að gera.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Ég vil aftur bjóða gesti velkomna á fund borgarstjórnar, ég sé að það hafa orðið svolitlar breytingar á hópnum, þá vil ég skýra það út að við erum núna á fyrsta dagskrárlið á fundi borgarstjórnar, sem er umræða um Orkuveitu Reykjavíkur. Málefni tónlistarskólanna, sem er það mál sem flest ykkar eruð væntanlega hér til þess að hlusta á, það er næsta mál á dagskrá. Við getum ekki vitað hvenær þessari umræðu lýkur en við vonum að þið njótið umræðunnar, engu að síður [hlátur í salnum.] En nú ætlar háttvirtur borgarstjóri að taka til máls, gjörðu svo vel.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, ástkæru borgarfulltrúar og góðir gestir. Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir spyr mig hvort komi til greina að einkaaðilar komi á einhvern hátt einhvern tímann að fjármögnun virkjana á Hellisheiði. Ég tel svo ekki vera en samt finnst mér spurningin orðuð þannig að mjög auðvelt sé að leggja eitthvað út frá henni sem ekki hafi átt að vera. Ég muni þá hugsanlega á einhvern hátt svara þeirri spurningu þannig að ég væri þá að skjóta mig í fótinn og það mætti þá nota það gegn mér síðar. Og enn og aftur dettur mér í hug Ríkissjónvarpið. Nú erum við með ríkisfjölmiðil, sjónvarpsstöð, sem á að vera á framfæri ríkisins en ekki einkaaðila. Ef manni er um það vill maður að einkaaðilar séu þar hvergi nærri. Þannig að ef ég segi: ég vil að Ríkissjónvarpið sé og það sé sterkt og gott og geri mikið af leiknu íslensku sjónvarpsefni sem við getum horft á okkur til næringar og gleði, þá sem sagt vil ég að ríkið geri það. En ef ég síðan, sem rekstraraðili eða fulltrúi rekstraraðila, gef Ríkissjónvarpinu leyfi til þess að bjóða út búninga, það er að segja að fá einkaaðila til þess að sjá um búninga á leikara í leiknu íslensku sjónvarpsefni sem framleitt er af ríkinu, er ég þá að gangast inn á einkavæðingu? [Frammífall.] Hvað segirðu?

Forseti: Ég vil byrja áheyrendur og gesti að hafa hljótt og ekki trufla umræðuna.

Borgarstjóri Jón Gnarr: Ég er ekki til í það að einkaaðilar komi að fjármögnun Hellisheiðarvirkjunar eða annarra virkjana. Og síðan varðandi stöðu Orkuveitunnar, að þá er Orkuveitan ekki í þeirri stöðu sem hún er í núna út af óvarlegum ummælum mínum. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur háttvirtur borgarstjóri lokið máli sínu og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á að aðeins aðstoða borgarstjóra vegna þess að hann sagði að hann gæti ekki hugsað sér að einkaaðilar kæmu að fjármögnun á framkvæmdum í Hverahlíð eða Helligshéiði. Ef ég hef spurt um fjármögnun, þá var það rangt, vegna þess að auðvitað snýst þetta ekki um fjármögnun, það mun alltaf koma fjármagn frá einhverjum einkaaðilum, einhverjum bönkum einhvers staðar erlendis frá. En það sem ég var að tala um var að einkaaðilar kæmu að framkvæmd verkefnisins með einum eða öðrum hætti og ég geri þá ráð fyrir að svarið gildi fyrir það sama. Ég er ekki hér að reyna að snúa út úr heldur að koma í veg fyrir óþarfa útúrslúninga.

Hins vegar hefur borgarstjóri hér farið yfir það að ef enginn megi tjá sig munum við alltaf hjakka í sama farinu og það sé nú eðlilegt að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur komi fram í blaðaviðtali eins og hver annar maður með skoðanir á orkumálum og tjái sínar skoðanir þar. Annars hjökkum við bara í sama farinu og stjórn málin breytast ekki neitt. Ég verð reyndar að segja að borgarstjóri fór bara ágætlega með, eða lýsti því bara ágætlega hvernig Besti flokkurinn hefur verið að haga sér í borgarstjórn frá því að þau tóku hérna við. Það er í alvörunni þannig að allt frá fyrsta degi hefur Besti flokkurinn hagað sér eins og virkilega gamaldags og kerfisbundið stjórn málaafl. Hér hafa ekki orðið neinar breytingar, ekki nokkur skapaður hlutur hefur breyst. Orðræðan er sú sama, hér er hoppað ofan í átakapólitík, meðal annars með þessu viðtali, og samstarf við minnihluta hefur aldrei verið minna, nálganir gagnvart hlutum sem Besti flokkurinn talaði mikið og fjálglega um í kosningabaráttunni, á borð við strætó eða menningu og listir, allt er þetta eitthvað sem hann hefur bæði svikið og nálgast með svo gamaldags hætti að annað eins hefur ekki sést hér um langt skeið.

Muninn á Besta flokknum og hefðbundnum stjórn málaflokkum segir hann liggja í því að Besti flokkurinn hafi ekki stefnu. Hann hafi ekki ráð og ekki nefndir sem fari yfir og móti stefnu þessa flokks. Það er áhyggjuefni. Það er þess vegna sem við þurfum að bregðast við í hvert einasta skipti sem einhver fulltrúi Besta flokksins opnar á sér munninn, vegna þess að maður veit aldrei á hverju maður á

Bstj. 1. febrúar 2011

að taka mark. Á ég að taka mark á borgarstjóra þegar hann segist ætla að efla Strætó? Á ég að taka mark á málefnasamningi Samfylkingar og Besta flokksins þegar hann segist ætla að efla Strætó? Á ég að taka mark á meirihlutanum þegar hann tekur undir bókanir í umhverfis- og samgönguráði um það eða skrifar bókanir í umhverfis- og samgönguráði um að koma verði í veg fyrir niðurskurðinn? Á ég að taka mark á orðum borgarstjóra þegar hann segir hér að hann ætli að beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir niðurskurðinn, eða á ég að taka mark á meirihlutanum þegar hann segist ætla að skerða þjónustu Strætó tímabundið og efla hana svo? Hvenær á ég að taka mark á þessum meirihluta og hverjum á ég að taka mark á?

Það sama gildir um listir og menningu. Hér hefur nú aldeilis, það fólk sem hér er við stjórn borgarinnar hefur nú aldeilis talað um það að hér eigi að efla listir og menningu. Hér hefur verið farið fjálglega yfir það hvað hér á að vinna gott starf. Samt erum við hér með fulla palla af tónlistarfólki sem sér ekki fram á að geta unnið, þó ekki væri nema bara það starf sem unnið var á síðasta ári. Vegna þess að aðgerðir Besta flokksins hafa leitt til þess að listir og menning verða skertar stórlega á þessu ári. Að sama skapi spyr ég: á hverjum á ég að taka mark varðandi þessa Orkuveitu? Á ég að taka mark á borgarstjóra? Á ég að taka mark á stjórnarformanni Orkuveitunnar? Á ég að taka mark á einhverjum af fulltrúum Besta flokksins? Ég veit það ekki. Og sök sér með mig, en hvað með kjósendur? Hvað með borgarbúa? Eiga þeir enga heimtingu, telur borgarstjóri í alvöru að hann hafi engum skyldum að gegna gagnvart borgarbúum? Þarf hann ekki að upplýsa um eitt eða neitt? Getur hann í alvörunni tekið ákvarðanir og skipt um stefnu eftir því hvernig hann vaknar þann morguninn? Er það í alvörunni þannig að fólk geti bara algjörlega hugsunarlaust ákveðið að breyta eða skipta um skoðun sísvona? Er borgarfulltrúum Besta flokksins skítsama um borgarbúa? Ég velti því fyrir mér.

En nóg um Besta flokkinn, víkjum aðeins að Samfylkingunni sem hefur þagað hér þunnu hljóði frá því að borgarstjórnarfundurinn hófst fyrir einum og hálfum tíma síðan. Hvað finnst Samfylkingunni um það sem hér hefur verið sagt og gert í þessum sal? Hvað finnst Samfylkingunni, hvað finnst borgarfulltrúum

Bstj. 1. febrúar 2011

Samfylkingarinnar, um ummæli fyrrum samherja síns, fyrrum varamanns í stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík? Hver eru áform Samfylkingarinnar? Er þetta bara góðkennt? Er Samfylkingin bara æðislega ánægð með stjórnarformanninn sem kemur hérna fram og segist ætla að einkavæða Orkuveitu Reykjavíkur eða allavega finnast eðlilegt að taka umræðu um það, svo það sé ekki snúið út úr því? Ætlar Samfylkingin ekkert að segja um þetta mál? Ætlar hún að sitja hjá í þessu eins og svo mörgu öðru? Hver er skoðun Samfylkingarinnar? Ég kalla eftir henni hér.

Ég held að það sé alveg ljóst og ég held að það sé mikið til í því sem borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir kom inn á hér áðan að þessari umræðu er hvergi nærri lokið. Hér hefur verið varpað inn pólitískri sprengju með þeim hætti sem raun ber vitni og þessa umræðu þarf að taka frá a til ö. Við verðum að fara yfir það með hvaða hætti við ætlum að reka þetta fyrirtæki til framtíðar. Það er alveg ljóst að hér hafa ekki komið fram nægilega skýr svör, Samfylkingin hefur ekki komið með eitt orð um það hver hennar stefna er í þessu máli og Besti flokkurinn hefur svarað með afar óskýrum hætti og það fer alveg eftir því hver er að tala hverju sinni hvað borgarfulltrúum Besta flokksins finnst. Þetta er umræða sem við verðum að taka upp, bæði á vettvangi eigendanevndarinnar, og ég geri ráð fyrir að eigendafundur, sem ég fór fram á í stjórn Orkuveitunnar í síðustu viku, verði haldinn fljótlega.

Það þarf að taka umræðu um það með hvaða umboð borgarstjóri fer á þann fund og hver stefna borgarinnar er í þeim efnum. Þetta er allt saman umræða sem við eigum eftir að taka og það er heilmikið verk óunnið, því miður. Vegna þess að hér hefur ríkt sátt á undanförunum árum, sátt sem var virkilega dýrmæt og sátt sem náðist eftir hræðilegt tímabil í sögu Orkuveitu Reykjavíkur. Það vitum við öll og meira að segja þeir borgarfulltrúar sem ekki sátu hér á þeim tíma. Það var ekki skemmtilegt að vinna þá vinnu sem þurfti að vinna, það var ekki gefandi, það var ekki í þágu almennings, svona get ég farið með orðræðu Besta flokksins, þetta er ekki umræða sem leiðir til góðs en hana verðum við því miður að taka þar sem boltanum hefur verið varpað og þá skulum við bara gera það.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson.

Bstj. 1. febrúar 2011

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Einar Örn Benediktsson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn, góðir gestir. Ég las þetta viðtal við stjórnarformanninn og ég því miður gat ekki lesið út úr þessu viðtali einhverja stefnubreytingu. Ég las út úr þessu að það væri ekki gott fyrir orkufyrirtæki í almannaeigu að standa í áhættusæknum rekstri og þess vegna þyrfti að athuga hvaða rekstrarform væru á svona fyrirtæki og ég held að það sé alveg skýrt, að minnsta kosti af minni hálfu og Besta flokksins, að svona fyrirtæki á að vera í einkaeigu og á ekki að vera í áhættusæknum rekstri, og mér fannst líka að það sem hann var að varpa upp var að þetta fyrirtæki hafi ekki verið rekið sem slíkt, það hafi verið rekið sem einkafyrirtæki þó það væri í almannaeigu og hann var að vara við því að það væri ekki gott rekstrarform, sem ég held að reyndin í dag sé. Að þessum orðum sögðum langar mig að lesa, með leyfi forseta:

Í starfi Orkuveitu Reykjavíkur leggur nýr meirihluti borgarstjórnar megináherslu á þrennt:

1. Auðlindir verði nýttar með þeim hætti að ekki sé gengið á framtíðarmöguleika til nýtingar þeirra.
2. Allar ákvarðanir um nýtingu auðlinda og nýtingin sjálf einkennist af ást og virðingu fyrir umhverfinu.
3. Borgarbúar njóti öruggrar þjónustu frá traustum aðilum og geti gengið að upplýsingum um störf og stöðu orkufyrirtækja í eigu borgarinnar.

Orkuveita Reykjavíkur er snilldarfyrirtæki sem sér borgarbúum fyrir rafmagni, yl, vatni, frárennsli og gagnaveitu. Líklega er engin höfuðborg í heiminum jafn vel sett hvað varðar þessa mikilvægu grunnþjónustu sem er bæði hagkvæm, umhverfisvæn og örugg.

Borgaryfirvöld vilja tryggja að Reykvíkingar og aðrir viðskiptavinir Orkuveitunnar njóti þess um ókomna tíð að eiga aðgang að öruggri orku, vatni, gagnaveitu og frárennsli. Sammæli eru um að þessu markmiði sé best náð með því að OR eða Orkuveitan sé áfram í eigu almennings. Hlutverk Orkuveitunnar er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi Orkuveitunnar. Kjarnastarfsemi er almannaþjónusta. Almannahagsmunir koma fyrst. Lykilatriði í starfi stjórnar er að leita allra leiða til að styrkja rekstur Orkuveitunnar, að halda Orkuveitunni í eigu almennings og

tryggja grunnþjónustu á sanngjörnu verði. Veganesti borgaryfirvalda til nýrrar stjórnar Orkuveitunnar er að snúa sér þegar í stað að eftirfarandi verkþáttum:

- Skilgreina skal úttekt á rekstrinum með það að markmiði að skýra stöðu mála og draga fram þær áskoranir og þá möguleika sem eru í stöðunni. Meta þarf ýmsa þætti í skipulagi og rekstri starfseminnar þegar í stað, með það fyrir augum að komast hjá frekari vanda. Í úttektinni verður að taka á skipulagi, rekstri og stöðu framkvæmda þannig að ljóst sé við hvaða búi er tekið.

- Fjármögnun verður sérstakur þáttur í starfi stjórnar. Bráðavanda Orkuveitunnar má ekki vanmeta. Mikilvægt er að ná utan um þau mál hratt og örugglega. Ná verður ásættanlegu jafnvægi milli tekna og gjalda sem allra fyrst.

- Úttekt er eitt, framkvæmd stefnu er annað. Hlutverk stjórnar er að innleiða stefnu borgarstjórnar og áherslur hinnar nýju orku- og auðlindanefndar í starfsemi Orkuveitunnar. Sveigja á af stóriðjustefnu, til aukinnar fjölbreytni í orkusölu og að sjálfbærri almannþjónustu.

- Brýnar breytingar kalla á skýra forystu stjórnar Orkuveitunnar. Stjórnarformaður mun fyrst um sinn sinna því verkefni í fullu starfi til að meta stöðuna með stjórn fyrirtækisins og vinna að nauðsynlegum breytingum.

Orkuveitan er frábært fyrirtæki og við erum vel sett að eiga umhverfisvæna orku og gott vatn. Ný stjórn fyrirtækisins er skipuð fólki með faglega þekkingu og reynslu. Starfsfólk Orkuveitunnar býr yfir gríðarlegri þekkingu, reynslu og metnaði. Við byggjum þess vegna á traustum grunni og hlökkum til að geta gert allskonar í framtíðinni þegar rekstur Orkuveitunnar er kominn á beinu brautina.

Þetta var bókað í borgarstjórn í júní 2010. Í mínum huga hefur ekkert breyst síðan þá. Það sem ummæli stjórnarformanns, þau benda, eru einungis til að benda, sá rekstur sem Orkuveitan hefur verið í undanfarin ár, það sem hún hefur lagt að veði í raun og veru, okkar eign í þessu fyrirtæki er óásættanleg og því þarf að breyta. Það kallar á breytt rekstrarform. Hvernig það verður verður vonandi útkljáð inni í stjórn Orkuveitunnar og hjá eigendanevnd sem fundur verður á núna en ég sé ekki neina breytingu í þessu, þetta er fyrirtæki í almannaeygn, þannig verður það.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Einar Örn Benediktsson lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson.

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hjálmar Sveinsson: Forseti, borgarfulltrúar og áhorfendur sem eru komnir hingað í borgarstjórnarsalinn. Ég vil til að byrja með þakka Sóleyju Tómasdóttur fyrir að taka þetta mál upp því það er, sagan sýnir okkur að það er mjög mikil þörf á að gæta fyllstu árvekni í þessu máli, orkumálin eru mjög stór mál og mjög stórt mál líka til framtíðar. Ég verð hins vegar að segja að þegar ég las þetta viðtal við stjórnarformann Orkuveitunnar, þá fannst mér þessi ummæli hans óheppileg og vil ítreka það að hann kom ekki af neinum fundi með Samfylkingunni eða einum og neinum úr meirihlutanum til þess að boða einhverja stefnubreytingu. Mér finnst borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir gera svolítið mikið úr því að hér sé verið að boða stefnubreytingu, hver sem er læs, þokkalega læs, hlýtur að sjá það að hann er að velta upp þeim hugsanlega möguleika og þetta er hans persónulega skoðun að kannski kunni þetta að vera rétt leið sem hann nefnir.

Mér finnst það fullkomlega eðlileg hugsun. Hinn opinberi rekstur hér á orkufyrirtækjunum hefur verið erfiður og flókinn og það sannar meðal annars ofboðslega erfið skuldastaða Orkuveitu Reykjavíkur, mig minnir að hún sé einhversstaðar á milli 200 og 230 milljarða og er meðal annars komin, meðal annars segi ég, komin út af svolítið glannalegri lántöku og í rauninni einskonar spákaupmennsku með gjaldeyrinn. Ég verð líka að segja það að borgarstjórinn fannst mér segja mjög greinilega, og það kom líka fram hjá borgarfulltrúanum Einari Erni að það er engin stefnubreyting sem við erum að fara í, það er alveg klárt, Orkuveitan á að vera í almenningseign, það stendur ekki til að einkavæða hana en það er eins og það skipti engu máli hve þetta er sagt oft. Ég ætla samt að lesa aftur aðeins úr þessu veganesti sem kom frá eigendanefnd Orkuveitunnar, bara til upprifjunar, sem hann Einar var að lesa hér áðan, og þetta kemur frá Samfylkingu og Besta flokknum:

Hlutverk Orkuveitu Reykjavíkur er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi Orkuveitunnar. Kjarnastarfsemi er almannabjónusta. Almannahagsmunir koma fyrst.

Bstj. 1. febrúar 2011

En síðan get ég ekki annað en aðeins bent á það líka að sjálfstæðismenn sem hér hafa komið upp gera mikið úr stefnuleysi Besta flokksins en ég á dálítið erfitt með að átta mig á stefnu Sjálfstæðisflokksins í þessum málum því ég hélt satt að segja að Sjálfstæðisflokkurinn væri flokkur sem yfirleitt fagnaði einkavæðingu, hefði mikla trú á einkaframtakinu og einkafyrirtækjum en nú er eins og það sé einhver allt önnur stefna komin upp, Sjálfstæðisflokkurinn hafi semsagt fallið frá þeirri stefnu. Sumir munu eflaust fagna því en það eru fréttir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson lokið máli sínu og þá veitir andsvar ... Nei, þá tekur til máls borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara í lok umræðunnar, fyrst vil ég nefna það að ég held nú að borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson ætti að kynna sér örlítið betur umræðuna sem verið hefur á vettvangi borgarstjórnar áður en hann fellir einhverja palladóma um þá sem hér sitja. Hið rétta í málinu er það að Sjálfstæðisflokkurinn er auðvitað, og hefur talað fyrir því hér á þessum vettvangi eins og allsstaðar annarsstaðar að fagna aðkomu einkaaðila. Hinsvegar er það þannig að það náðist ákveðin sátt, ég hélt reyndar að allir vissu það í þessum sal, það náðist ákveðin sátt í kringum verkefni Orkuveitunnar þegar hér gerðust mjög óheppilegir hlutir í kringum REI-málið og mjög erfið umræða hér á vettvangi borgarstjórnar og það var skipt um meirihluta og svo framvegis og ég hvet hæstvartan borgarstjóra og þá Hjálmar Sveinsson, ef þeir hafa ekki lesið REI-skýrsluna, sem var samþykkt hér með fimmtán samhljóða atkvæðum, þar sem borgarstjórn var sammála um það að kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skyldi vera í höndum sveitarfélaganna. Þetta var staðfest þar og þetta var staðfest síðan með stefnu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Ef Hjálmar Sveinsson er ekki upplýstur um það, þá verð ég bara með fullri virðingu að biðja hann um að kynna sér það. Vegna þess að það náðist slíkt sátt á vettvangi Borgarstjórnar Reykjavíkur að allir gáfu og tóku í því. Og menn komu sér saman um það að þessi endalaus áttök um þetta væru þess eðlis að kjarnastarfsemi fyrirtækisins skyldi vera í höndum opinberra aðila, þar með talið Reykjavíkurborgar, en síðan væri hitt á öðrum stað sem væri ekki skilgreint sem kjarnastarfsemi. Þannig að þegar Hjálmar Sveinsson segir hér: hér eru miklar fréttir á ferðinni, þetta eru ekki fréttir á ferðinni fyrir þá sem hafa fylgst með borgarpólitíkinni í einhver ári, með fullri virðingu, Hjálmar Sveinsson.

En þannig að þegar ég er að tala um það og talaði um það hér fyrr í dag að helstu tíðindin væru fólgin í því að það væri verið að rjúfa ákveðna sátt, sátt sem menn gerðu vegna þess að við töldum að það væri ekki fyrirtækinu til góða að vera í þessum stöðugu átökum um þetta. Þannig að menn tóku sig hér saman og það var ansi mikið um það fjallað í fjölmiðlum og ég hvet menn til þess að lesa þá skýrslu

Bstj. 1. febrúar 2011

en þar stendur orðrétt að borgarstjórn sé sammála um það að kjarnastarfsemi fyrirtækisins skuli vera í höndum sveitarfélaganna. Þannig að það eru engar fréttir í því. En það er merkilegt að það séu fréttir fyrir einhverja sem hér sitja. Ég vildi hafa sagt það í byrjun.

Síðan vildi ég nefna það, og ég þakka Hjálmari Sveinssyni að öðru leyti fyrir sína ræðu, mér fannst hún ærleg og heiðarleg og ærlegt af honum að segja, sem ég held að sé einmitt málið, að hvort sem borgarfulltrúar eru hér sammála eða ósammála kjarnanum í því sem stjórnarformaðurinn segir, sumt af því sem hann segir finnst mér alveg skynsamlegar vangaveltur enda er hann ekki endilega að tala um kjarnastarfsemina, hann er að tala um aðra hluti, og mér finnst mjög ærlegt af borgarfulltrúanum Hjálmari Sveinssyni að segja: þetta var óheppilegt. Þetta var óþægilegt og þetta var viðtal sem einhvern veginn veldur því, og nú hrista hér einhverjir hausinn, borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson leiðréttir það þá ef það er rangt hjá mér, borgarfulltrúinn sagði: þegar ég las viðtalið fannst mér það sem fram kom í því óheppilegt. Og hann sér þá um að leiðrétta það ef það er rangt, en mér fannst það mjög ærlegt hjá honum því ég held að það hafi verið mjög óheppilegt inn í þá umræðu sem við nú erum að ganga í gegnum, inn í þá sátt sem við náðum hér og skiptir máli og var hluti af því að það hefur gengið betur á vettvangi borgarstjórnar eða gekk á undanförunum árum heldur en á nokkrum árum þar á undan.

Síðan finnst mér alveg makalaust að borgarstjóri, og ég eiginlega, ég ætla nú ekki að segja að ég nenni því ekki en ég eiginlega veit ekki af hverju ég á að gera það aftur, ég er mörgum sinnum búin að spyrja borgarstjóra aftur og aftur sömu spurninganna og enn og aftur hallar borgarstjóri sér aftur á bak og telur sig ekki þurfa að svara spurningunum. Hann hvorki skrifar þær hjá sér né telur sig þurfa að svara þeim. Og ég held líka að borgarstjóri, með fullri virðingu, hæstvirtur borgarstjóri, þurfi að kynna sér það með hvaða hætti hlutverk borgarstjóra er inni á þessum fundum. Ég spurði um það hvaða áhrif þetta hefði á endurfjármögnun og ég spurði um það hvernig endurfjármögnun stæði. Ég spurði um það og ítreka þær spurningar hvort borgarstjóri hafi kynnt sér þessi mál og þessa umræðu sem hefur farið fram á vettvangi borgarstjórnar, bæði í kringum REI-málið og ekki síður

Bstj. 1. febrúar 2011

athugasemdir frá umboðsmanni Alþingis sem komu á sínum tíma og fjalla einmitt um þessi átök milli þess hvort fyrirtækið eigi að vera einkaréttarlegs eðlis eða opinbers eðlis. Og það er umræða sem hefur margsinnis verið tekin hér.

Ég spurði líka um það, reyndar fékk ég það svar svo því sé til haga haldið, ég fékk það í raun og veru frá Hjálmari Sveinssyni borgarfulltrúa, þegar spurt var hvort umræða um þetta hefði verið tekin inni í meirihlutanum áður en þessi ummæli áttu sér stað en mér skilst á borgarfulltrúanum Hjálmari Sveinssyni að það hafi ekki verið gert, þannig að það er komið. Og síðan verð ég að segja það að aftur og aftur tekur borgarstjóri alltaf sömu ræðuna um það, og það líka skýtur skökku við en það aftur einhvern veginn færir manni enga aðstoð í því að reyna einhvern veginn að rökstyðja það. Borgarstjóri stendur hér upp og segir: við höfum enga stefnu. Síðan kemur Einar Örn Benediktsson, fulltrúi Besta flokksins, og fer yfir stefnuna, les hana meira að segja upp alveg með leyfi forseta og allt svoleiðis. Hið sama gerir Hjálmar Sveinsson en borgarstjóri heldur sig alltaf við það að, hann sagði hér orðrétt: Besti flokkurinn hefur enga stefnu. Það eru mjög skýr skilaboð en það gefur honum ekkert skjól fyrir því að svara þegar þarf að svara og útskýra.

Og það er líka mjög sérkennilegt að þessir málsvarar nýrra stjórn mála skuli segja það að þeir séu sko ekki svona gamaldags pólitíkusar. Það séu engar nefndir, það séu engin ráð, það séu engin svoleiðis fyrirbæri í Besta flokknum. Þetta er bara eins og lítil vinaklíka af fimm, sex strákum sem taka allar ákvarðanirnar. Og er það nýja lýðræðið? Rosalega er gott að vita af því að það sé einhver við eldhúsbordið hjá Jóni Gnarr, Björn Blöndal, Karl, Óttarr Proppé, kannski Einar Örn, kannski fær að slæðast með ein og ein kona, Heiða ypptir öxlum, það getur verið að hún fái að vera þar, en nú er talað um það af rosalegu stolti á nýja Íslandi að það séu nokkrir strákar með einni og einni konu sem fái að ráða þessu og það séu sko engar nefndir, engin ráð og ekkert lýðræði í flokknum. Það er orðið rosalega smart. Það er alveg það sem við vildum, það er öll ábyrgðin.

Hann Jón Gnarr borgarstjóri telur sig eiginlega ekki þurfa að svara fyrir neitt nema bara fyrir þessum litla hópi. Það verður alltaf allt alveg ómögulegt og hann hellir hér yfir borgarstjórn einhverjum reiðiskömmum í hvert skipti sem hann er spurður að einhverju. Af því að hann á ekki að þurfa að svara fyrir það vegna þess að hann

Bstj. 1. febrúar 2011

hefur enga stefnu, vegna þess að hann lofaði engu og vegna þess að hann er í einhverjum nýjum stjórnámálum sem ekki er nokkur leið að skilja. Nýju stjórnálin eru þau að það eru bara einhverjir örfáir strákar, sem hafa verið vinaklíka frá því ég veit ekki hvenær, sem ráða þessu öllu. Það er nýja Ísland og rosalega gott. Alveg eins og við vildum hafa það. Svo verða menn bara fúllir og dálítið arrí ef menn eru að spyrja einhverra spurninga. Ef lýðræðið er eitthvað að trufla þá. Og svo segja þeir með stolti og berja sér á brjóst fyrir það: við erum nú ekki með neinar nefndir eða nein ráð. Neitt svona sem er að flækjast fyrir hinum flokkunum. Eins og fólkið sé bara orðið einhver flækjufótur.

Alltaf er þetta svona, alltaf er farið í einhverja svona sjálfsskoðun Besta flokksins þegar spurt er um eitthvað sem varðar borgarbúa og borgarstjóri telur sig í alvöru eiginlega ekkert þurfa að svara fyrir Orkuveituna vegna þess að einhver vinur hans, jú, hann, stjórnarformaður Orkuveitunnar, hann var nú bara með svona hugleiðingar í blaði. Þetta er nýja lýðræðið á vettvangi borgarstjórnar, þess vegna er það hárrétt sem Sóley Tómasdóttir kom hér inn á og við höfum upplifað það mjög sterkt, að við höfum aldrei, aldrei nokkurn tímann, verið stödd, nema kannski fyrir 10-15 árum síðan, á sama stað og við erum stödd núna. Þar sem þarf ekkert samráð, ekkert samtal, vegna þess að það eru nokkrir strákar í einhverri gamalli vinaklíku, sem vita þetta allir best. Og það er mjög gott að Reykjavík sé komin á þann stað.

En ég ítreka það og ef borgarstjóri getur ekki svarað þessum spurningum hér og nú þá bið ég hann um að gera það með öðrum hætti og gera það þá einhvern veginn skriflega og ég ítreka það að það er skylda borgarstjóra að gera það, að svara þeim spurningum sem bornar eru hér upp, og mér finnst reyndar, ég held að þrátt fyrir allt hafi þessi umræða skýrt ýmislegt en ég hvet líka, af því að ég heyri það á umræðunni, ég hvet þá sem tóku ekki þátt í þeirri sátt sem varð hér á vettvangi borgarstjórnar og allir eru að vísa til, á sínum tíma fyrir rúmum tveimur árum síðan, um málefni Orkuveitunnar, líkt og margt annað, ég hvet þá aðila til að rífa það sár ekki upp nema þeir viti og hafi kynnt sér út á hvað slík sátt gekk, út af hverju menn voru einhvern veginn að reyna að klára það. Það þekkja fulltrúar Samfylkingarinnar og ég hvet fulltrúa Besta flokksins til þess að gefa sér tíma til

Bstj. 1. febrúar 2011

Þess vegna þess að það er staðreynd, eins og Sóley Tómasdóttir nefndi hér áðan, að það hefur lítið annað breyst í Borgarstjórn Reykjavíkur, vinnubrögðin hafa aldrei verið eins gamaldags, það eina sem hefur breyst er að það er einum og einum brandara svona hleypt inn í umræðuna. Þess vegna halda menn að eitthvað hafi breyst.

Forseti: Þá hefur lokið máli sínu Hanna Birna Kristjánsdóttir og þá svarar háttvirtur borgarstjóri.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Borgarstjóri Jón Gnarr: Virðulegi forseti, borgarfulltrúar og góðir gestir. Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir spyr mig hvort ég viti hvaða áhrif ummæli stjórnarformanns, Haraldar Flosa, hafi á endurfjármögnun Orkuveitunnar og ég verð að svara því til að ég veit það ekki og tel að það sé mjög erfitt að átta sig á því á þessari stundu hvort og hvaða áhrif ummælin hafa og margir vilja meina það að allt það sem sagt er um Orkuveituna eða stöðu hennar í nútíð og framtíð veki mikla athygli hjá þeim sem hugsanlega kæmu að fjármögnun og ég veit ekki alveg hvernig það er.

En staðan á endurfjármögnuninni er mjög óviss og það er ekkert í hendi en tilraunir halda áfram og viðræður eiga sér stað og það er verið að leita lausna eins og mögulegt er en staðan er bara, staðan er bara óvissa og þannig, já, þannig er bara staðan. Við bíðum svara og ég vona að þetta svari spurningunum. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi, nei, fyrirgefið, borgarstjóri Jón Gnarr Kristinsson lokið máli sínu. Þá tekur til máls í þriðja sinn Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi og er síðust á mælendaskrá.

Bstj. 1. febrúar 2011

**1. mál Umræða um Orkuveitu Reykjavíkur og yfirlýsingar
stjórnarformanns um breytingar á rekstrarformi félagsins (að
beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna)**

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar, og ég biðst forláts að vera að lengja umræðuna hér en hún er engu að síður mikilvæg þó ég geri mér grein fyrir því að málefni tónlistarskólanna séu mjög mikilvæg málefni líka. Ég skal hafa þetta stutt undir lokin. Ég vil byrja á að bregðast við ræðu borgarfulltrúa Einars Arnar Benediktssonar, sem reyndar kom líka aðeins fram í ræðu Hjálmars Sveinssonar, borgarfulltrúa, ef mig misminnir ekki, varðandi rekstur Orkuveitunnar undanfarin ár. Það er alveg rétt að Orkuveitan hefur fært sig yfir í eða togast í þá átt að vera rekin sem einkafyrirtæki, þar hafa verið stundaðar óábyrgar fjárfestingar, þær hafa verið stundaðar í þágu stóriðju og þar hefur margt misfarist sem er óásættanlegt með öllu. Það gerir það samt ekki að verkum að við eigum að halda áfram og fela einkaaðilum með öllu að reka Orkuveituna heldur eigum við miklu frekar að draga Orkuveituna tilbaka að almenningnum sem á Orkuveituna, að kjörnum fulltrúum sem almenningurinn kaus, en ekki að teygja enn frekar á þeim boðleiðum sem nú þegar eru á milli almennings og Orkuveitunnar, til dæmis með því að hafa svokallaða óháða fagaðila sem stjórna Orkuveitunni, heldur að hafa þar hina kjörnu fulltrúa sem almenningur valdi til þess að stýra þessu fyrirtæki eins og öðrum málefnum borgarinnar.

Að öðru: borgarfulltrúi Hjálmar Sveinsson var, og ég tek undir með borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, ærlegur þegar hann sagði að hann teldi þessi ummæli hafa verið óheppileg. Ég kann honum bestu þakkir fyrir það. Reyndar kom líka fram í máli borgarfulltrúans að allir þeir sem væru þokkalega læsir gætu skilið að þarna væri stjórnarformaðurinn sem einstaklingur en ekki sem stjórnarformaður að viðra hugsanlega möguleika sem sína persónulegu skoðun og hann hafi alls ekki verið að boða stefnubreytingu eins og hafi verið fullyrt í viðbrögðum minnihlutans. Ég hef aldrei fullyrt að hér sé verið að boða stefnubreytingu heldur hef ég spurt og það er eðlilegt þegar svona ofsalega breyttar áherslur koma fram í fjölmiðlum að ég spyrji hvort hér sé stefnubreyting á ferð. Það er mjög mikilvægt og það er mitt hlutverk sem kjörins fulltrúa að vita af því og spyrja út í það ef eitthvað er að breytast í því sem fólk taldi og borgarbúar

Bstj. 1. febrúar 2011

töldu að ríkti um sátt. Svo veltir maður því líka fyrir sér, ef þetta er bara hans persónulega skoðun og hans persónulega skoðun skiptir engu máli, af hverju í ósköpunum er hann þá að viðra þær í fjölmiðlum? Hver er tilgangurinn með því að fara með sínar persónulegu skoðanir í fjölmiðla ef maður er stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og veit að þessar skoðanir koma málinu ekkert við? Það er eitthvað afar sérstakt við það.

Nú, fyrir utan þau pólitísku áhrif sem þessi ummæli hafa haft og munu hafa til lengri tíma, því miður, þá eru fjárhagslegu áhrifin talsverð líka og þar verð ég að taka undir með borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins að ég hef verulegar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta hefur á mögulegar lánastofnanir vegna þess að ekki bara það að lánardrottinn velti því fyrir sér hvort þeir eigi að lána Orkuveitunni þegar bakábyrgðirnar eru mögulega á förum, heldur líka það að lánardrottinn geta líka verið fjárfestar og þeir gætu allt eins haft áhuga á því að kaupa frekar Orkuveituna eða hlut hennar eða koma inn í einhver verkefni sem eigendur heldur en lánardrottinn. Og þetta er allt saman eitthvað sem setur viðræður Orkuveitunnar óumflýjanlega í uppnám við lánardrottna.

Ég held að að svo komnu máli sé ekki meira sem við getum sagt um þetta mál en ég ítreka það að það er mjög mikilvægt að við höldum áfram með þessa umræðu. Það skiptir mjög miklu máli að borgarstjóri fari með afar skýrt umboð inn á eigendafundinn þar sem þessi málefni verða rædd og að við tökum þetta upp, bæði í eigendaneftinni og á vettvangi eigenda og í stjórn Orkuveitunnar, sem við höfum reyndar gert, og áfram hér í borgarstjórn. Það er greinilega ekki vanþörf á.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri borgarfulltrúar hafa ekki óskað eftir að taka til máls í þessari umræðu og er umræðu lokið og fyrir er þá tekið annað mál á dagskrá þessa fundar sem er umræða um málefni tónlistarskóla að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Til máls tekur borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.